



SÓKNARÁÆTLANIR LANDSHLUTA

GREINARGERÐ UM FRAMVINDU SAMNINGA OG
RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA 2018

STÝRIHÓPUR STJÓRNARRÁÐSINS UM BYGGÐAMÁL

SEPTEMBER 2019



Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál: Sóknaráætlanir landshluta.
Greinargerð um framvindu samninga og ráðstöfun fjármuna 2018.

September 2019

Útgefandi: Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík
Netfang: postur@srn.is
Veffang: www.srn.is

Ábyrgð: Hólmfríður Sveinsdóttir og Sigríður K. Þorgrímsdóttir

© 2019 Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið

EFNISYFIRLIT

Samantekt.....	1
1. kafli Sóknaráætlanir landshluta	2
2. kafli Fjárframlög til samninga.....	4
3. kafli Samráðsvettvangur hvers landshluta	7
4. kafli Áhersluverkefni landshluta.....	9
5. kafli Uppbyggingarsjóðir landshluta.....	12
Nokkur verkefni uppbyggingarsjóða.....	20
Lokaorð	28

TÖFLUR

Tafla 1. Heildarfjárhæð til sóknaráætlanasamninga.....	4
Tafla 1a. Samanburður heildarfjárframlaga árin 2018 og 2017	5
Tafla 2. Ráðstöfun fjárframlaga	5
Tafla 2a. Samanburður á ráðstöfun fjárframlaga árin 2018 og 2017	6
Tafla 3. Skipan fulltrúa í samráðsvettvöngum	7
Tafla 4. Áhersluverkefni landshluta	9
Tafla 5. Upplýsingar um umsóknir / styrki	13
Tafla 5a. Samanburður upplýsinga um umsóknir / styrki árin 2017 og 2018.....	14
Tafla 6. Kyn umsækjenda / styrkhafa.....	14
Tafla 7. Kyngreind áhrif starfa sem ætlað er að skapist á verkefnatíma.....	15
Tafla 7a. Vesturland	15
Tafla 7b. Vestfirðir.....	15
Tafla 7C. Norðurland vestra	16
Tafla 7D. Norðurland eystra	16
Tafla 7e. Austurland	16
Tafla 7F. Suðurland	16
Tafla 7G. Suðurnes.....	17
Tafla 8. Atvinnugreinaflokkun umsókna	18
Tafla 9. Atvinnugreinaflokkun styrkja.....	19

VIÐAUKAR

Viðauki 1 Landshlutasamtök sveitarfélaga.....	29
Viðauki 2 Áhersluverkefni árið 2018.....	30
Viðauki 3 Landshlutaskipting sóknaráætlana	38
Viðauki 4 Merki sóknaráætlana landshluta	39

Í þessari greinargerð stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál er gerð grein fyrir ráðstöfun fjárframlaga til sóknaráætlunarsamninga og framkvæmd þeirra árið 2018. Auk þess er gerður samanburður milli ára 2017 og 2018, sem og samanburður milli landshluta. Upplýsingar í greinargerðinni byggjast að mestu á árlegum greinargerðum landshlutasamtaka sveitarfélaga til stýrihópsins. Starfsfólki landshlutasamtakanna eru færðar bestu þakkir fyrir upplýsingarnar.

STÝRIHÓPUR STJÓRNARRÁÐSINS UM BYGGÐAMÁL ÁRIÐ 2018

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti

Hólmfríður Sveinsdóttir, formaður

Björn Freyr Björnsson

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

Arnar Freyr Einarsson

Steinunn Valdís Óskarsdóttir

Dómsmálaráðuneyti

Guðmundur Bjarni Ragnarsson

Fjármála- og efnahagsráðuneyti

Sigurður Guðmundsson

Forsætisráðuneyti

Héðinn Unnsteinsson.

Pétur Berg Matthíasson tók sæti Héðins í september

Mennta- og menningarmálaráðuneyti

Karitas Halldóra Gunnarsdóttir

Þórarinn V. Sólmundarson

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti

Björn Helgi Barkarson

Utanríkisráðuneyti

Hrund Hafsteinsdóttir

Velferðarráðuneyti

Bryndís Þorvaldsdóttir

Eva Margrét Kristinsdóttir

Samband íslenskra sveitarfélaga

Karl Björnsson

ÁHEYRNARFULLTRÚAR

Byggðastofnun

Árni Ragnarsson

Landshlutasamtök sveitarfélaga

Páll Brynjarsson

Unnur Valborg Hilmarsdóttir tók sæti Páls í október

VERKEFNISSTJÓRI

Sigríður K. Þorgrímsdóttir, Byggðastofnun

SAMANTEKT

Sóknaráætlanir landshluta eru þróunaráætlanir þar sem hver landshluti sameinast um framtíðarsýn, setur sér markmið og velur leiðir til að áætlunin nái fram að ganga. Markmið sóknaráætlana er að ráðstafa fjármunum sem varið er til verkefna í einstökum landshlutum á sviði atvinnu-, byggða- og menningarmála, samkvæmt svæðisbundnum áherslum í sóknaráætlun landshlutans til samræmis við gildandi byggðaáætlun hverju sinni.

Samningar um sóknaráætlanir landshluta voru undirritaðir af ráðherra sjávarútvegs og landbúnaðar, ráðherra mennta- og menningarmála og formönnum landshlutasamtaka sveitarfélaga í byrjun árs 2015 og gilda þeir til ársloka 2019. Markmið með sóknaráætlunarsamningum er að stuðla að jákvæðri samfélagsþróun, treysta stoðir menningarlífs og auka samkeppnishæfni hvers landshluta og þar með landsins alls. Markmiðið er jafnframt að einfalda samskipti ríkis og sveitarfélaga og tryggja gagnsæi við úthlutun og umsýslu þeirra opinberu fjármuna sem til þeirra er varið.

Með sóknaráætlunum er fé veitt til tveggja mismunandi þátta, áhersluverkefna og uppbyggingarsjóða. Áhersluverkefni eru samningsbundin verkefni sem stjórnir landshlutasamtaka gera tillögur um og hafa beina skírskotun til sóknaráætlunar og áherslna samráðsvettvangs landshlutans. Uppbyggingarsjóðirnir eru samkeppnissjóðir sem hafa það hlutverk að styrkja menningar- og nýsköpunarverkefni, auk annarra verkefna sem falla að sóknaráætlunum landshlutanna. Á þessu fjórða ári samninganna var unnið að samtals 73 áhersluverkefnum og nam framlag til þeirra tæpum 354 milljónum króna. Alls hlutu 588 verkefni styrki úr uppbyggingarsjóðunum, samtals að fjárhæð tæpum 497 milljónum króna.

Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál er skipaður fulltrúum frá öllum ráðuneytum og framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga. Byggðastofnun og landshlutasamtök sveitarfélaga eiga áheyrnarfulltrúa. Samgöngu og sveitarstjórnarráðherra skipaði nýjan stýrihópur í júní 2018 til þriggja ára. Hlutverk stýrihópsins er að efla samhæfingu innan Stjórnarráðsins í málefnum sem snúa að byggðamálum og tryggja virkt samráð við sveitarstjórnarstigið í þessum málaflokki.

1. KAFLI SÓKNARÁÆTLANIR LANDSHLUTA

Sóknaráætlanir landshluta eru sameiginlegt verkefni ráðuneyta og sveitarfélaga með það að markmiði að færa aukin völd og ábyrgð til landshlutanna á forgangsröðun og ráðstöfun fjármuna frá ríkisvaldinu til verkefna á sviði byggðamála og samfélagsþróunar sem ekki eru falin öðrum með lögum. Tilgangurinn er að tryggja sem besta nýtingu fjármuna og færa ákvarðanatöku nær heimamönnum sem þekkja best til aðstæðna á sínum svæðum.

Forsögu sóknaráætlana landshluta má rekja til ársins 2011 þegar byrjað var að þróa hugmyndafræðina innan Stjórnarráðsins. Í ríkisstjórnarsamþykktinni *Ísland 2020* var kveðið á um *Sóknaráætlanir landshluta* og lagt til að unnar yrðu sóknaráætlanir fyrir hvern landshluta í samvinnu ráðuneyta, landshlutasamtaka, stofnana, sveitarfélaga, Sambands íslenskra sveitarfélaga og haghafa á hverju svæði. Í samræmi við tillögu að útfærslu sóknaráætlana landshluta, sem samþykkt var af ráðherranefnd um ríkisfjármál 21. febrúar 2012, skipaði þáverandi innanríkisráðherra stýrinet Stjórnarráðsins um sóknaráætlanir landshluta og Byggðastofnun réð sérstakan verkefnisstjóra til að halda utan um verkefnið. Í kjölfarið hófu allir landshlutar vinnu við gerð sóknaráætlana og skipaður var samráðsvettvangur í hverjum landshluta sem tók þátt í þeirri vinnu. Verkefni stýrinetsins var meðal annars að vinna með landshlutum og öðrum haghöfum að því að samþætta hin ýmsu verkefni undir einn hatt sóknaráætlana. Stýrinetið átti einnig að vinna að gerð framtíðarfyrirkomulags á fjármögnun sóknaráætlanaverkefna og vinna drög að viðmiðunarreglum um skiptingu fjármuna milli landshluta og málaflokka. Í byrjun árs 2013 lágu sóknaráætlanir fyrir, sem og áhersluverkefni hvers landshluta. Í kjölfarið undirrituðu fjármálaráðherra og formenn landshlutasamtaka sveitarfélaga fyrstu sóknaráætlanasamningana 22. mars 2013.

Í apríl 2014 var stýrinetið lagt niður og stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál settur á laggirnar. Árið 2014 var gerð úttekt á framkvæmd sóknaráætlana landshluta.¹ Það var mat úttektaraðila að í heild hefði verkefnið tekist vel og að fyrstu tvö árin hefðu verið mikilvægur tími til að prófa ný vinnubrögð og draga af þeim lærdóm. Sóknaráætlanasamningarnir væru almennt mikið framfaraspor og vel til þess fallnir að færa aukin völd og ábyrgð til einstakra landshluta og beina samskiptum ríkis og sveitarfélaga í góðan farveg. Það sem helst hefði tekist vel til var stofnun og starf stýrinetsins og að mikilvægum áföngum í faglegru áætlanagerð hefði verið náð. Meðal þess sem úttektaraðili taldi að betur mætti fara var að samþætta þyrfti betur opinbera áætlanagerð annars vegar og auka hins vegar festu í mati og eftirfylgni stýrinetsins á sóknaráætlunum og útfærslu þeirra.

1 Mat á framkvæmd sóknaráætlana landshluta, ágúst 2014. Unnið fyrir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Evris (https://www.stjornarradid.is/media/atvinnuvegaraduneyti-media/media/acrobat/skyrsla_mat-a-framkvaemd-soknaraaetlana_evris050914.pdf).

Vorið 2019 var aftur gerð úttekt á framkvæmd samninganna og þá fyrir samningstímabilið 2015-2019.²

Nýr stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál var skipaður í júní 2018. Stýrihópurinn vinnur út frá þeirri skilgreiningu að byggðamál séu „öll þau viðfangsefni sem hafa áhrif á lífsgæði og samkeppnishæfni landshluta, s.s. búsetu, atvinnu og nýsköpun. Þau snúa að eflingu samfélaga, félagsauðs, atvinnulífs, menntunar, menningar, velferðarmála, samgangna og fjarskipta“.³ Byggðamál eru viðfangsefni allra ráðuneyta og ná til landsins alls. Verkefni stýrihópsins eru meðal annars að vera ríkisstjórn til ráðgjafar í byggðamálum, að auka samráð ráðuneyta á sviði byggðamála og samhæfa byggðamál að annarri stefnumótun og áætlanagerð hins opinbera.

Við skiptingu fjármuna til sóknaráætlana landshluta er notað reiknilíkan þar sem tekið er tillit til íbúafjölda og íbúapróunar, stærðar atvinnusóknarsvæða, atvinnuleysis, útsvarstekna sveitarfélaga og fjarlægðar frá Reykjavík. Samningurinn við höfuðborgarsvæðið er frábrugðinn samningunum við aðra landshluta þar sem eingöngu er veitt fjármagn til framkvæmdar áhersluverkefna en ekki til uppbyggingarsjóðs.

Með lögum nr. 69/2015, um byggðáætlun og sóknaráætlanir, var verklag og hugmyndafræði sóknaráætlana fest í sessi. Lögin fela landshlutasamtökum sveitarfélaga að vinna sóknaráætlanir á sínu svæði og bera ábyrgð á framkvæmd þeirra. Þau tengja saman byggðáætlun fyrir landið allt og sóknaráætlanir hvers landshluta og kveða á um tilvist og hlutverk stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál.

Samkvæmt samningum um sóknaráætlanir landshluta renna framlög ríkisins annars vegar til áhersluverkefna og hins vegar til uppbyggingarsjóða. Hver landshluti ákveður skiptingu fjáris en þó skal að lágmarki 55% af framlagi ríkisins renna til uppbyggingarsjóða. Þá er heimilt að nýta tiltekna upphæð í umsýslu. Uppbyggingarsjóðir eru samkeppnissjóðir þar sem gerð er krafa um 50% mótframlag og sérstök úthlutunarnefnd, skipuð af landshlutasamtökum hvers svæðis, fer fyrir hverjum sjóði. Áhersluverkefni eru samningsbundin verkefni sem hafa beina skírskotun til sóknaráætlunar landshlutans og áherslna samráðsvettvangs og þar er ekki gerð krafa um mótframlag. Áhersluverkefni skulu samþykkt af stjórn landshlutasamtakanna og staðfest af stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál.

Aðferðafræði sóknaráætlana hefur frá upphafi byggst á miklu samstarfi þeirra sem að koma. Samráð og samvinna ríkis og sveitarfélaga fer fyrst og fremst fram í gegnum stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál og landshlutasamtök sveitarfélaga. Samvinna ráðuneyta fer fram í gegnum stýrihópinn og samvinna sveitarfélaga og helstu haghafa í landshlutum fer fram í gegnum landshlutasamtök sveitarfélaga.

²Úttektina má finna hér: <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=4ca231b1-765b-11e9-943c-005056bc530c>

³ Þessa skilgreiningu á byggðamálum má meðal annars finna í samþykkt ríkisstjórnarinnar um umboð stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál frá 19. maí 2016 og í erindisbréfi hópsins, dags. 25. maí 2018.

2. KAFLI FJÁRFRAMLÖG TIL SAMNINGA

Skipting fjármuna til sóknaráætlana milli landshluta fer eftir reiknilíkani sem byggist á gagnsæjum viðmiðum sem staðfest voru af ríkisstjórn árið 2015. Líkanið byggir á eftirfarandi þáttum: íbúafjölda og íbúaþróun, stærð atvinnusóknarsvæða, atvinnuleysi yfir tiltekið tímabil, útsvari og fjarlægð frá Reykjavík.

Fjárframlög árið 2018 til sóknaráætlanasamninganna átta námu tæpum 1.107 m.kr. Grunnframlög ríkisins, alls rúmar 730,7 m.kr., koma annars vegar frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 502,5 m.kr., og hins vegar frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 228,2 m.kr. Til viðbótar við grunnframlagið lagði ríkið 156,2 m.kr. til sex landshluta með viðaukasamningum, sem er lækkun um 9,7 m.kr. frá árinu á undan. Framlag til viðaukasamninga hækkaði hins vegar um 98 m.kr. milli árana 2016 og 2017, þegar gerðir voru þrír nýir samningar. Árið 2018 voru í fyrsta sinn veittir styrkir af byggðaáætlun til landshlutasamtakanna vegna sértækra verkefna sóknaráætlanasvæða, aðgerð C1. Samningar um styrkina voru viðaukasamningar við sóknaráætlanir landshluta og eru því inni í tölum vegna viðaukasamninga hér. Að öðru leyti hafa upphæðir vegna viðaukasamninga dregist saman, til dæmis var enginn samningur utan C1 á Vestfjörðum fyrir árið 2018, en voru 63 m.kr. árið 2017.

Heildarfjárframlög sveitarfélaga voru tæpar 95,3 m.kr. og eiga þau að mestu rætur að rekja til menningarsamninga sem voru í gildi til ársins 2014. Heimilt er að semja um framlög annarra⁴ til samninganna og var það gert á Norðurlandi eystra, samtals að upphæð 23 m.kr. og á Norðurlandi vestra, tæpar 14,6 m.kr.

Rúmlega 83 m.kr. var óráðstafað í árslok 2017 og fluttar yfir á árið 2018. Tekjum og gjöldum sem tengjast sóknaráætlunum skal haldið aðskildum í bókhaldi og endurskoðuðum ársreikningum landshlutasamtaka og skulu vaxtatekjur fjármuna tilheyra samningunum og færðar í ársreikninga þeirra. Vaxtatekjur námu samtals rúmum 3,9 m.kr. Þá er 4 m.kr. varið árlega í úttektir og samráð vegna sóknaráætlana, sú upphæð er sýnd í neðstu línu í töflu 1, sem sýnir sundurliðun framlaga til sóknaráætlana árið 2018.

TAFLA 1. HEILDARFJÁRHÆÐ TIL SÓKNARÁÆTLANASAMNINGA

	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland	Suðurnes	Höfuðborgar- svæðið	Samtals
Framlög ríkisins	81.715.806	107.666.571	81.707.766	125.860.056	94.440.302	119.537.010	90.238.383	25.534.106	726.700.000
Viðaukasamningar	30.000.000	15.000.000	30.000.000	34.900.000	27.800.000	18.500.000	0	0	156.200.000
Framlög sveitarfélaga	12.192.750	7.910.000	7.419.000	11.450.000	33.000.000	12.395.000	8.500.000	2.430.096	95.296.846
Önnur framlög	0	0	14.590.000	23.000.000	0	0	0	0	37.590.000
Flutt frá fyrra ári	9.570.082	500.000	10.192.996	51.804.049	810.184	3.081.485	2.135.002	5.000.000	83.093.798
Vaxtatekjur	21.551	507.564	487.162	691.938	26.752	2.153.693	64.998	0	3.953.658
Úttektir og greiningar									4.000.000
Samtals:	133.500.189	131.584.135	144.396.924	247.706.043	156.077.238	155.667.188	100.938.383	32.964.202	1.106.834.302

⁴ Um er að ræða mótframlag frá fyrirtækjum og stofnunum.

TAFLA 1A. SAMANBURÐUR HEILDARFJÁRFRAMLAGA ÁRIN 2018 OG 2017

	2018	2017	Mismunur
Framlög ríkisins	730.700.000	730.700.000	0
Viðaukasamningar	156.200.000	165.900.000	-9.700.000
Framlög sveitarfélaga	95.296.846	123.699.248	-28.402.402
Önnur framlög	37.590.000	37.000.000	590.000
Flutt frá fyrra ári	83.093.798	89.223.936	-6.130.138
Vaxtatekjur	3.953.658	4.649.970	-696.312
Samtals	1.106.834.302	1.151.173.154	-44.338.852

Tafla 1A sýnir að heildarráðstöfunartekjur samninganna átta lækkuðu samtals um rúmar 44,3 m.kr., fóru úr 1.151 m.kr. í tæpar 1.107 m.kr. Munar þar mest um að framlög sveitarfélaga lækkuðu um rúmar 28 m.kr. og er skýringuna að rekja til sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, en framlög þeirra til samningsins lækkaði um tæpar 32 m.kr. milli ára. Tekið skal fram að árið 2017 höfðu þau hækkað um svipaða upphæð milli ára. Þá lækkuðu framlög ríkisins til viðaukasamninga um tæpar 10 m.kr. Svonefnd önnur framlög hækkuðu um samtals 590 þús.kr., en árið 2018 lögðu tveir landshlutar til önnur framlög en þrír landshlutar árið 2017. Árið 2018 kom framlag í þennan flokk frá Norðurlandi eystra, eða 23 m.kr. sem er svipað og 2017 og framlag til atvinnu- og nýsköpunar á Norðurlandi vestra er hér einnig talið með öðrum framlögum, tæpar 14,6 m.kr. Upphæðin sem flutt var milli ára lækkar um rúmar 6 m.kr. sem er jákvætt. Hún er þó enn of há, fyrst og fremst á Norðurlandi eystra.

Hverjum landshluta er í sjálfsvald sett hvernig framlögum til sóknaráætlana er varið. Ríkið setur þó það skilyrði að minnst 55% grunnframlags á ári hverju renni til uppbyggingarsjóða og hámark er sett á umsýslukostnað. Þetta á ekki við um höfuðborgarsvæðið þar sem öll fjárhæðin rennur til áhersluverkefna.

TAFLA 2. RÁÐSTÖFUN FJÁRFRAMLAGA

	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland	Suðurnes	Höfuðborgar- svæðið	Samtals
Áhersluverkefni	19.769.476	43.076.571	32.126.766	101.725.000	49.800.000	43.000.000	33.488.383	30.583.398	353.569.594
Uppbyggingarsjóður	50.879.500	45.000.000	70.192.996	74.845.000	48.748.500	87.499.000	60.450.000	0	437.614.996
Stofn- og rekstrarstyrkir	5.900.000	19.500.000	0	25.150.000	8.600.000	0	0	0	59.150.000
Viðaukasamningar	30.000.000	15.000.000	34.590.000	34.900.000	39.800.000	18.500.000	0	0	172.790.000
Umsýsla	7.000.000	8.000.000	7.000.000	9.000.000	7.000.000	9.000.000	7.000.000	0	54.000.000
Óráðstafað 31.12.2018	19.951.213	1.007.564	487.162	2.086.043	2.128.738	-2.331.812	0	2.380.804	25.709.712
Úttektir og greiningar									4.000.000
Samtals:	133.500.189	131.584.135	144.396.924	247.706.043	156.077.238	155.667.188	100.938.383	32.964.202	1.106.834.302

Tafla 2 sýnir hvernig fjármunirnir sem voru til ráðstöfunar á árinu skiptust milli landshluta. Af heildarupphæðinni, 1.107 m.kr., runnu tæpar 353,6 m.kr. til áhersluverkefna og tæpar 438 m.kr. til uppbyggingarsjóða, auk þess sem fjórir landshlutar settu sérstök framlög í stofn- og rekstrarverkefni, samtals rúmlega 59,1 m.kr. í gegnum sína uppbyggingarsjóði. Landshlutum er í sjálfsvald sett hvort þeir skilgreina slík verkefni sérstaklega en þau eiga rætur að rekja til gömlu

menningarsamninganna og eru verkefni því öll menningartengd. Samningarnir við Vesturland, Vestfirði, Norðurland vestra, Norðurland eystra, Austurland og Suðurland fela í sér viðauka að upphæð samtals tæpar 172,8 m.kr. Samkvæmt samningunum er hámark sett á umsýslu, á bilinu 7–9 m.kr. eftir heildarupphæð hvers samnings. Allir landshlutarnir nýttu þá upphæð að fullu en alls var 54 m.kr. varið í umsýslu árið 2018. Ekki er heimild fyrir umsýslukostnaði í framlagi til höfuðborgarsvæðisins.

TAFLA 2A. SAMANBURÐUR Á RÁÐSTÖFUN FJÁRFRAMLAGA ÁRIN 2018 OG 2017

	2018	2017	Mismunur
Áhersluverkefni	353.569.594	371.749.131	-18.179.537
Uppbyggingarsjóður	437.614.996	406.770.000	30.844.996
Stofn- og rekstrarstyrkir	59.150.000	66.170.000	-7.020.000
Viðaukasamningar	172.790.000	177.900.000	-5.110.000
Umsýsla	54.000.000	54.000.000	0
Úttektir og greiningar	4.000.000	4.000.000	0
Óráðstafað í árslok	25.709.712	70.584.023	-44.874.311
Samtals	1.106.834.302	1.151.173.154	-44.338.852

Lækkun fjármagns milli ára skýrist að mestu með lækkun framlaga til áhersluverkefna en framlög til þeirra lækkuðu samtals um tæpar 18,2 m.kr., sem er breyting frá síðasta ári, en sama framlag hækkaði um rúmar 79 m.kr. milli árána 2016 og 2017. Framlög til uppbyggingarsjóða hækkuðu um rúmar 30,8 m.kr., en framlög til stofn- og rekstrarstyrkja lækkuðu um rúmar 7 m.kr. en hækkuðu um 10,7 m.kr. milli árána 2016 og 2017. Óráðstafað fjármagn sem flyst á milli ára lækkaði umtalsvert, eða um rúmar 44,8 m.kr., en er engu að síður tæplega 26 m.kr. og þar af er um 20 m.kr. óráðstafað í árslok á Vesturlandi. Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál leggur mikla áherslu á að fjármunir til samninganna séu nýttir innan ársins og þessi niðurstaða er því ekki í samræmi við þá áherslu.

3. KAFLI SAMRÁÐSVETTANGAR LANDSHLUTA

Í samningum um sóknaráætlanir landshluta og í lögum um byggðáætlun og sóknaráætlanir er kveðið á um að sóknaráætlanir skuli unnar í samvinnu við samráðsvettvang viðkomandi landshluta. Um er að ræða samstarfsvettvang sveitarfélaga, ríkisstofnana, atvinnulífs, menningarlífs, fræðasamfélags og annarra haghafa í hverjum landshluta. Landshlutasamtök sveitarfélaga skipa samráðsvettvang í hverjum landshluta og gæta þar lýðræðis-, búsetu-, aldurs- og kynsjónarmiða. Landshlutasamtökin skilgreina hlutverk og verkefni samráðsvettvangsins og skal hann hafa beina aðkomu að gerð sóknaráætlunarinnar og vera upplýstur um framgang hennar. Í samningunum er kveðið á um að samráðsvettvangur skuli koma saman að minnsta kosti árlega og ræða framgang sóknaráætlunar. Í töflu 3 má sjá upplýsingar um fulltrúa í samráðsvettvangi hvers landshluta.

TAFLA 3. SKIPAN FULLTRÚA Í SAMRÁÐSVETTVÖNGUM

	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland	Suðurnes	Höfuðborgar- svæðið	Samtals
Atvinnulífið	5	6	10	7	11	6	7	7	59
Félagasamtök	2		2	0	0	4	2	4	14
Fræðasamfélag	5	7	4	9	7	6	6	4	48
Kjörnir fulltrúar	12	9	10	16	8	16	8	30	109
Menningarlífið	3		4	2	11	6	0	0	26
Opinberar stofnanir	3	7	2	6	4	2	3	4	31
Annað (óflokkað)		16	0	1	13	0	0	3	33
Samtals:	30	45	32	41	54	40	26	52	320

	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland	Suðurnes	Höfuðborgar- svæðið	Samtals
<25 ára	1	0	0	8	0	2	0	1	12
25-39 ára	4	14	10	9	13	15	7	8	80
40-60 ára	22	30	18	20	32	15	13	36	186
>60 ára	3	1	4	4	9	8	6	7	42
Samtals:	30	45	32	41	54	40	26	52	320

	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland	Suðurnes	Höfuðborgar- svæðið	Samtals
Karlar	18	23	17	23	26	20	10	27	164
Konur	12	22	15	18	28	20	16	25	156
% hlutfall kvk	40,0%	48,9%	46,9%	43,9%	51,9%	50,0%	61,5%	48,1%	48,8%
Samtals:	30	45	32	41	54	40	26	52	320

Tafla 3 er þrískipt og sýnir atvinnu, aldur og kyn fulltrúa í hverjum samráðsvettvangi, samtals 320 fulltrúar í öllum átta landshlutunum og er það sami fjöldi og árið 2017. Fyrsti hluti töflunnar sýnir flokkun eftir atvinnu. Kjörnir fulltrúar, þ.e. aðal- eða varamenn í sveitarstjórnnum, eru alls 109 (34%), en þeir eru hvergi í meirihluta nema á höfuðborgarsvæðinu. 59 fulltrúar koma úr atvinnulífinu, 31 fulltrúi kemur frá opinberum stofnunum sem er eilítil fjölgun frá 2017 og 48 fulltrúar koma úr fræðasamfélaginu. Þessar upplýsingar gefa vísbendingar um bakgrunn fulltrúanna en eru ekki tæmandi þar sem vænta má að flestir geti flokkast undir fleiri en eitt svið, ekki hvað síst kjörnir fulltrúar.

Þegar litið er á aldursdreifingu er áhyggjuefni að sjá hve fáir koma úr yngsta aldursflokknum, aðeins 12 fulltrúar eða tæp 4%. Átta þeirra eru á Norðurlandi eystra, tveir á Suðurlandi, einn á Vesturlandi og einn á höfuðborgarsvæðinu. Í hinum landshlutunum er enginn fulltrúi yngri en 25 ára. Ríflega helmingur allra fulltrúa kemur úr aldurshópnum 40-59 ára. Um 25% fulltrúa eru á aldrinum 25-39 ára og rúm 13% fulltrúa eru 60 ára eða eldri.

Karlar eru að þessu sinni fleiri en konur, eða 164 karlar á móti 156 konum en í fyrra var þessu öfugt farið. Allir landshlutar ná 40% viðmiðunarmarki jafnréttis laga,⁵ nema Suðurnes þar sem konur eru 61,5% fulltrúa.

Til viðbótar þeim upplýsingum sem fram koma í töflu 3 gerðu landshlutasamtökin grein fyrir búsetu fulltrúanna, þ.e. frá hvaða sveitarfélagi þeir koma. Öll sveitarfélög eiga fulltrúa í sínum samráðsvettvangi.

⁵ Kynjakvóti var leiddur í lög árið 2008. Í 15. gr. laga nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, en í lögnum segir: „Við skipun í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skal þess gætt að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða.“

4. KAFLI ÁHERSLUVERKEFNI LANDSHLUTA

Á árinu 2018 var unnið að samtals 73 áhersluverkefnum á landinu öllu, en þau voru 65 árið 2017. Áhersluverkefni eru samningsbundin verkefni sem hafa beina skírskotun til sóknaráætlunar landshlutans og áherslna samráðsvettvangs. Verkefnin geta staðið yfir í lengri eða skemmri tíma en þeim skal vera lokið fyrir árslok 2019 þegar gildistími sóknaráætlanasamninganna rennur út. Áhersluverkefnin skulu samþykkt af stjórn landshlutasamtaka sveitarfélaga og staðfest af stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál.

Flest voru áhersluverkefnin á Suðurlandi og Vestfjörðum (14) og fæst á Austurlandi (4). Samtals vörðu landshlutarnir átta tæpum 353,6 m.kr. til áhersluverkefna, auk mótframlaga heimamanna. Lægsta framlag sóknaráætlana til einstakra verkefna var 500 þús.kr. og hæsta framlagið var 19 m.kr. Meðaltalið var tæpar 4,8 m.kr., en var 5,7 m.kr. árið 2017. Í töflu 4 eru upplýsingar um heiti verkefnanna 73. Í viðauka 2 eru nánari upplýsingar um öll verkefnin og áætluð framlög til þeirra.

TAFLA 4. ÁHERSLUVERKEFNI LANDSHLUTA

Vesturland
Heiti verkefnis
Nýsköpun, frumkvöðlar
Matarauður Vesturlands
Innviðir á Vesturlandi
Efling ferðaþjónustu á Vesturlandi
Ungmennanþing
Menningarstarf á Vesturlandi
Samtals

Vestfirðir
Heiti verkefnis
Visit Westfjords
InWest
Umhverfissvottaðir Vestfirðir
Þróunarsetur á Vestfjörðum
Rannsóknaklasi Vestfjarða / Fræðasetur HÍ í Bolungarvík
Þróun Vestfjarða til ársins 2035
Vestfirsku þorpin - íbúabyggð og áfangastaðir
Nýtt meistaranám í sjávarbyggðafraeðum
Svæðisskipulag á Vestfjörðum
Lýðháskóli á Vestfjörðum
Almannatengsl fyrir Vestfirði
Westfjords Foods
Glögg er gestsaugað
Menningarfulltrúi
Samtals

Norðurland vestra
Heiti verkefnis
Okkar áfangastaður
Kynningarátak gagnvart erlendum ferðaheildsölum
Styrking gæða og þjónustuinnviða
Framleiðsla myndefnis
Matarauður Norðurlands vestra
Matvælabraut FNV
Uppbygging smávirkjana
Innviðagreiningar og birting þeirra
Stafræn borg
Framtíðarskipan úrgangsmála
Kolefnisspor Norðurlands vestra
Samtals

Norðurland eystra
Heiti verkefnis
Samstarf um fjölnýtingu orkuauðlinda á Norðurlandi eystra
Þróun og ráðgjöf í menningarmálum
SinfoniaNord - þjónusta og upptaka á símfónískri tónlist í Hofi
Okkar áfangastaðir - markaðsgreining fyrir Norðurland
Innviðagreining á Norðurlandi eystra
Framtíðarskipan úrgangsmála á Norðurlandi
Uppbyggingaráætlun fyrir Akureyrarflugvöll
Ungt og skapandi fólk
Menntunarþörf og tækifæri eftir starfssviðum
Samtals

Austurland
Heiti verkefnis
Menningarstarf á Austurlandi
Markaðssetning Egilsstaðaflugvallar sem alþjóðlegs flugvallar
Svæðisskipulag fyrir Austurland
Uppbygging þekkingarsamfélags á Austurlandi
Samtals

Suðurland
Heiti verkefnis
Umhverfis- og auðlindastefna Suðurlands - 1. áfangi
Alþjóðaflugvöllur á Suðurlandi - veðurathuganir í landshlutanum
Fagháskólanám á Suðurlandi - tilraunaverkefni
Innleiðing fjarheilbrigðisþjónustu á Suðurlandi
Menningarpassi Suðurlands
Hagnýtar tölur á Suðurlandi
Upplýsingavefur fyrir fjárfesta - "invest in south"
Starfamessa á Selfossi 2019
Starfskynning í Vestmannaeyjum 2018
Námskeiðaröð fyrir frumkvöðla á Suðurlandi
Nýsköpunarkeppni framhaldsskólanna á Suðurlandi - 1. áfangi
Hvatningarverðlaun á sviði atvinnuþróunar, nýsköpunar og menningar á Suðurlandi
Fræðsla og samvinna ungmennaráða á Suðurlandi
Skaftárhreppur til framtíðar (Brothætt byggð í Skaftárhreppi)
Samtals

Suðurnes
Heiti verkefnis
Kortlagning á dreifingu ferðamanna á Suðurnesjum
Fjarnám í hjúkrunarfræði
Minnka brottfall úr námi og bjóða upp á menntun í takt við atvinnulífið á svæðinu
Sameiginleg ímyndar- og markaðsáætlun fyrir Suðurnes
Skráning og uppfærsla á menningarviðburðum á Suðurnesjum
Rannsókn á líðan eldri borgara á Suðurnesjum
Markaðssetning hafna á Suðurnesjum fyrir smærri skemmtiferðaskip
Að auka sýnileika Geopark á Suðurnesjum
Efling nýsköpunar á Suðurnesjum - Reykjanes Start-up
Samtals

Höfuðborgarsvæðið
Heiti verkefnis
Borgarlína
Velferðartækni
Tölfræði höfuðborgarsvæðisins
Markaðssetning gagnvart erlendum fjárfestum
Smart Cities
GERT-verkefnið
Sameiginlegur kostnaður
Samtals

5. KAFLI UPPBYGGINGARSJÓÐIR LANDSHLUTA

Með samningum um sóknaráætlanir landshluta voru uppbyggingarsjóðir settir á laggirnar árið 2015 í öllum landshlutum nema á höfuðborgarsvæðinu. Sjóðirnir eru samkeppnissjóðir sem styðja verkefni í samræmi við markmið hverrar sóknaráætlunar.

Landshlutasamtök sveitarfélaga annast umsýslu sjóðanna og bera ábyrgð á þeim. Hver landshluti setur sér verklagsreglur um úthlutanir með hliðsjón af leiðbeinandi viðmiðum frá stýrihópnum, auk þess sem landshlutasamtökin hafa samráð sín á milli við gerð verklagsreglna. Stýrihópurinn staðfestir verklagsreglurnar. Frá árinu 2018 hefur verið unnið að þróun rafrænnar umsóknargáttar og er hún nú að mestu leyti tilbúin og umsóknir teknar að berast í gegnum hana.

Landshlutasamtökin skipa úthlutunarnefnd fyrir hvern og einn uppbyggingarsjóð. Fjöldi nefndarmanna er á bilinu þrjú til níu. Hlutverk nefndanna er að velja verkefni sem styrkt verða á grundvelli faglegs mats og skulu verkefnin falla að sóknaráætlun landshlutans. Kjörnir fulltrúar sveitarstjórna skulu ekki vera fleiri en 40% nefndarmanna. Heimilt er að starfrækja fagråd í einstökum málaflokkum.

Að lágmarki skulu 55% af grunnframlagi frá ríkinu renna í uppbyggingarsjóði á hverju ári og styrkja sjóðirnir að jafnaði ekki meira en 50% af heildarkostnaði hvers verkefnis.

Eftir að úthlutun hefur farið fram eru undirritaðir samningar við hvern styrkþega. Í samningunum er meðal annars kveðið á um að fjárstuðningur sé bundinn þeirri forsendu að verkefnið og framvinda sé í samræmi við umsókn eða endurskoðaða áætlun ef styrkur er lægri en óskað var eftir. Þá er kveðið á um greiðslur og fer það eftir upphæð styrks og samkomulagi við styrkhafa hvernig þeim er háttað. Útgreiðsla styrkja er mismunandi milli landshluta en algengast er að styrkþegi fái greitt tiltekið hlutfall við undirritun samnings og síðan eftir framvindu.

Starfsfólk uppbyggingarsjóða er í samskiptum við styrkþega um framgang verkefna. Ef umsækjandi sér fram á að geta ekki unnið verkefnið eins og það er sett fram í umsókn þarf að sækja um breytingu á því og er þá metið hvort breytingin samræmist reglum sjóðsins og þeim forsendum sem verkefnið var metið á. Minni háttar breytingar eru að jafnaði samþykktar af starfsmanni sjóðsins. Ef um mikla breytingu er að ræða getur styrkvilyrði lækkað eða það fallið niður, líkt og kveðið er á um í samningi milli styrkþega og uppbyggingarsjóðs.

Starfsfólk uppbyggingarsjóða yfirfer áfanga- og lokaskýrslur frá styrkþegum. Með lokaskýrslu skulu styrkþegar skila inn afriti af reikningum fyrir útlögðum kostnaði eða gera grein fyrir útlögðum kostnaði með sannanlegum hætti. Þegar verkefnisstjóri hefur samþykkt skýrsluna og meðfylgjandi gögn fer lokagreiðsla fram.

Kynjajafnræði ríkir í öllum úthlutunarnefndum og fagráðum, fyrir utan fagråd menningarmála á Vesturlandi þar sem sátu þrjár konur en enginn karl. Úthlutanir voru í öllum tilvikum vel auglýstar og buðu landshlutasamtökin umsækjendum upp á aðstoð við umsóknir, meðal annars með viðtalstímum, vinnustofum og fundum. Úthlutað var einu sinni til tvisvar á árinu 2018. Í töflu 5 má sjá upplýsingar um umsóknir annars vegar og styrki hins vegar, fjölda og upphæðir.

TAFLA 5. UPPLÝSINGAR UM UMSÓKNIR / STYRKIR

	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland	Suðurnes	Samtals
Umsóknir								
Fjöldi umsókna	173	106	116	133	117	253	73	971
Heildarfjárhæð sem sótt er um	280.570.126	216.288.640	273.513.045	272.582.366	174.731.184	350.411.661	186.100.658	1.754.197.680
Meðalfjárhæð umsókna	1.621.793	2.040.459	2.357.871	2.049.491	1.493.429	1.136.324	2.549.324	1.806.589
Veittir styrkir								
Fjöldi styrkja	93	67	70	85	81	155	37	588
Árangurshlutfall umsókna	54%	63%	60%	64%	69%	61%	51%	61%
Heildarupphæð styrkja	56.779.500	64.500.000	70.192.996	99.995.000	57.348.500	87.499.000	60.450.000	496.764.996
Meðalfjárhæð styrkja	610.532	962.687	1.002.757	1.176.412	708.006	564.510	1.633.784	844.838
Fjöldi styrkja undir 500 þús.	40	30	34	14	28	82	1	229
Fjöldi styrkja milli 500 þús. til 2,5 m.kr.	53	34	31	64	52	73	20	327
Fjöldi styrkja hærrí en 2,5 m.kr.	0	3	5	7	1	0	16	32
Áætlaður fjöldi ársverka	101	20	36	52	41	139	24,56	414

Tafla 5 sýnir að samtals bárust 971 umsókn til uppbyggingarsjóðanna sjö og fjöldi styrkja var alls 588, sem er 61% árangurshlutfall. Á Suðurlandi bárust flestar umsóknir (253) og þar voru veittir flestir styrkir (155). Á Suðurnesjum voru færstar umsóknir (73) og fæstir styrkir (37). Meðalfjárhæð umsókna er hæst á Suðurnesjum, rúmlega 2,5 m.kr., og lægst á Suðurlandi, rúmlega 1,1 m.kr. Árangurshlutfall umsókna var hæst á Austurlandi, eða 69%, en lægst á Suðurnesjum, eða 51%. Árangurshlutfallið hefur jafnast nokkuð frá fyrra ári, liggur í flestum tilvikum nærri 60%.

Alls var sótt um styrki að upphæð sem nemur rúmlega 1,7 ma.kr. en veittir voru styrkir að upphæð rúmlega 496,7 m.kr. Uppbyggingarsjóðurinn á Norðurlandi eystra var stærstur með tæplega 100 m.kr. en sjóðurinn á Vesturlandi minnstur með tæpar 56,8 m.kr. Sjóðirnir styrkja að hámarki 50% af heildarkostnaði verkefna og mótframlag styrkþega að lágmarki jafn há upphæð.

Í töflu 5 eru styrkirnir greindir niður í þrjá flokka eftir upphæðum. Samtals voru 229 styrkir lægri en 500 þús.kr., eða tæp 39% allra styrkja. Hlutfallslega flestir lágir styrkir voru veittir á Suðurlandi, eða tæp 53% af styrkjum landshlutans. Á Suðurnesjum var eingöngu einn styrkur undir 500 þús.kr. Styrkir á bilinu 500 þús.kr. til 2,5 m.kr. voru samtals 327, eða tæplega 56% allra styrkja. Alls voru 32 styrkir hærrí en 2,5 m.kr., eða rúm 5% allra styrkja.

Styrkþegar voru spurðir um fjölda ársverka sem áætlað er að skapist á verkefnatíma. Tekið skal fram að ekki er spurt um áætlaða fjölgun á störfum til framtíðar. Samtals eru 414 störf talin hafa skapast um land allt á verkefnatíma, eða að meðaltali 0,70 ársverk á hverja styrkveitingu, sem er aðeins lægra hlutfall en í fyrra, en þá var það 0,92 ársverk á hverja styrkveitingu.

TAFLA 5A. SAMANBURÐUR UPPLÝSINGA UM UMSÓKNIR / STYRKI ÁRIN 2017 OG 2018

Umsóknir	2018	2017	Mismunur
Fjöldi umsókna	971	1.006	-35
Heildarfjárhæð sem sótt var um	1.754.197.680 kr.	1.584.166.431 kr.	170.031.249 kr.
Veittir styrkir			
Fjöldi styrkja	588	594	-6
Árangurshlutfall umsókna	61%	59%	2%
Heildarupphæð styrkja	496.764.996 kr.	472.940.000 kr.	23.824.996 kr.
Fjöldi styrkja undir 500 þús.	229	251	-22
Fjöldi styrkja milli 500 þús til 2,5 m.kr.	327	319	8
Fjöldi styrkja hærri en 2,5 m.kr.	32	24	8
Áætlaður fjöldi ársverka	414	547	-133

Tafla 5A sýnir að umsóknum til uppbyggingarsjóðanna fækkaði um 35 milli ára 2017 og 2018, en heildarfjárhæð sem sótt var um hækkaði þrjátíu fyrir það. Fækkunin nær til Vestfjarða, Norðurlands vestra og eystra og Austurlands, en þar var fækkun umsókna þó ekki mikil.

Heildarupphæð styrkja var rúmum 23,8 m.kr. hærri árið 2018 en 2017 og styrkjum fækkaði milli ára um 6 á móts við fækkun um 36 milli ára 2016 og 2017.

TAFLA 6. KYN UMSÆKJENDA / STYRKHAFA

Umsóknir	Vesturland		Vestfirðir		Norðurland vestra		Norðurland eystra		Austurland		Suðurland		Suðurnes		Samtals	
	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk
Fjöldi umsókna	74	99	64	42	46	70	70	63	56	61	123	130	46	27	479	492
Fjöldi umsókna (%)	43%	57%	60%	40%	40%	60%	53%	47%	48%	52%	49%	51%	63%	37%	49%	51%
Meðalupphæð umsókna	1.838.909	1.459.503	2.082.336	1.976.646	2.989.837	1.942.580	2.146.233	1.942.001	1.568.553	1.424.462	1.646.197	1.137.919	2.680.501	2.325.837	2.026.601	1.592.390
Veittir styrkir	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk
Fjöldi styrkja	39	54	39	29	30	40	46	39	33	48	71	84	20	17	278	311
Fjöldi styrkja (%)	42%	58%	57%	43%	43%	57%	54%	46%	41%	59%	45%	55%	54%	46%	47%	53%
Meðalupphæð styrkja	698.974	546.657	1.008.974	867.240	1.205.537	850.673	1.179.239	1.173.077	707.576	783.302	591.690	541.536	1.790.000	1.450.000	928.709	778.726

Í töflu 6 má sjá hvernig annars vegar umsóknir og hins vegar styrkir skiptast eftir kyni forsvarsmanna eða verkefnisstjóra. Kynjahlutfall umsækjenda er á heildina litið nokkuð jafnt. Konur eru í forsvari fyrir 51% umsókna og karlar eru í forsvari fyrir 49% umsókna. Ef litið er á kynjahlutfall styrkþega eru konur í forsvari fyrir 53% verkefnanna en 47% karla sem er sama hlutfall og árið 2017. Þegar litið er til umsókna eru allir landshlutar innan 40% viðmiðsins. Kynjahlutfall styrkveitinga er alls staðar innan 40–60% marka sem er svipað og árið 2017. Þá sækja karlar um heldur hærri styrki en konur í öllum landshlutum.

TAFLA 7. KYNGREIND ÁHRIF STARFA SEM ÆTLAÐ ER AÐ SKAPIST Á VERKEFNATÍMA -
LANDIÐ ALLT

	Nær eingöngu kk störf	Fleiri kk en kvk störf	Bæði kynin jafnt	Fleiri kvk en kk störf	Nær eingöngu kvk störf	Samtals
Umsóknir						
Fjöldi umsókna	66	125	498	193	89	971
Fjöldi umsókna (%)	6,8%	12,9%	51,3%	19,9%	9,2%	100,0%
Meðalfjárhæð umsókna	1.418.270	2.152.331	1.883.236	1.771.842	1.254.220	
Veittir styrkir						
Fjöldi styrkja	33	73	311	125	46	588
Fjöldi styrkja (%)	5,6%	12,4%	52,9%	21,3%	7,8%	100,0%
Meðalfjárhæð styrkja	646.061	1.130.063	868.882	782.201	590.283	

Í töflu 7 má sjá vísbendingar um kyngreind áhrif starfa sem áætlað er að verði til á verkefnatímanum á landinu í heild.

TAFLA 7A. VESTURLAND

	Nær eingöngu kk störf	Fleiri kk en kvk störf	Bæði kynin jafnt	Fleiri kvk en kk störf	Nær eingöngu kvk störf	Samtals
Umsóknir						
Fjöldi umsókna	13	15	100	29	16	173
Fjöldi umsókna (%)	7,5%	8,7%	57,8%	16,8%	9,2%	100,00%
Meðalfjárhæð umsókna	1.159.615	1.400.568	1.690.955	2.179.732	761.179	
Veittir styrkir						
Fjöldi styrkja	8	6	57	14	8	93
Fjöldi styrkja (%)	8,6%	6,5%	61,3%	15,1%	8,6%	100,00%
Meðalfjárhæð styrkja	543.750	929.500	654.605	500.000	317.500	

TAFLA 7B. VESTFIRÐIR

	Nær eingöngu kk störf	Fleiri kk en kvk störf	Bæði kynin jafnt	Fleiri kvk en kk störf	Nær eingöngu kvk störf	Samtals
Umsóknir						
Fjöldi umsókna	6	17	47	30	6	106
Fjöldi umsókna (%)	5,7%	16,0%	44,3%	28,3%	5,7%	100,00%
Meðalfjárhæð umsókna	1.141.000	2.330.882	1.917.412	2.283.558	1.865.417	
Veittir styrkir						
Fjöldi styrkja	1	14	28	21	3	67
Fjöldi styrkja (%)	1,5%	20,9%	41,8%	31,3%	4,5%	100,00%
Meðalfjárhæð styrkja	400.000	889.286	912.500	1.033.333	1.000.000	

TAFLA 7C. NORÐURLAND VESTRA

	Nær eingöngu kk störf	Fleiri kk en kvk störf	Bæði kynin jafnt	Fleiri kvk en kk störf	Nær eingöngu kvk störf	Samtals
Umsóknir						
Fjöldi umsókna	6	18	53	30	9	116
Fjöldi umsókna (%)	5,2%	15,5%	45,7%	25,9%	7,8%	100,00%
Meðalfjárhæð umsókna	1.738.417	3.249.301	2.571.730	1.633.764	2.142.278	
Veittir styrkir						
Fjöldi styrkja	4	12	29	21	4	70
Fjöldi styrkja (%)	5,7%	17,1%	41,4%	30,0%	5,7%	100,00%
Meðalfjárhæð styrkja	450.000	1.821.633	998.905	657.864	937.500	

TAFLA 7D. NORÐURLAND EYSTRA

	Nær eingöngu kk störf	Fleiri kk en kvk störf	Bæði kynin jafnt	Fleiri kvk en kk störf	Nær eingöngu kvk störf	Samtals
Umsóknir						
Fjöldi umsókna	12	17	63	33	8	133
Fjöldi umsókna (%)	9,02%	12,78%	47,37%	24,81%	6,02%	100,00%
Meðalfjárhæð umsókna	1.474.204	2.389.913	2.165.864	2.230.119	527.500	
Veittir styrkir						
Fjöldi styrkja	7	9	47	19	3	85
Fjöldi styrkja (%)	8,2%	10,6%	55,3%	22,4%	3,5%	100,00%
Meðalfjárhæð styrkja	1.017.857	1.438.889	1.260.426	1.017.368	450.000	

TAFLA. 7E. AUSTURLAND

	Nær eingöngu kk störf	Fleiri kk en kvk störf	Bæði kynin jafnt	Fleiri kvk en kk störf	Nær eingöngu kvk störf	Samtals
Umsóknir						
Fjöldi umsókna	6	12	70	24	5	117
Fjöldi umsókna (%)	5,13%	10,26%	59,83%	20,51%	4,27%	100,00%
Meðalfjárhæð umsókna	1.683.333	1.356.006	1.627.459	1.261.438	810.900	
Veittir styrkir						
Fjöldi styrkja	1	10	47	19	4	81
Fjöldi styrkja (%)	1,2%	12,3%	58,0%	23,5%	4,9%	100,00%
Meðalfjárhæð styrkja	200.000	770.000	803.160	665.789	662.500	

TAFLA 7F. SUÐURLAND

	Nær eingöngu kk störf	Fleiri kk en kvk störf	Bæði kynin jafnt	Fleiri kvk en kk störf	Nær eingöngu kvk störf	Samtals
Umsóknir						
Fjöldi umsókna	18	29	127	37	42	253
Fjöldi umsókna (%)	7,1%	11,5%	50,2%	14,6%	16,6%	100,00%
Meðalfjárhæð umsókna	1.328.550	1.333.046	1.559.791	930.725	1.316.885	
Veittir styrkir						
Fjöldi styrkja	11	15	82	23	24	155
Fjöldi styrkja (%)	7,1%	9,7%	52,9%	14,8%	15,5%	100,00%
Meðalfjárhæð styrkja	495.000	443.867	607.963	507.826	577.625	

TAFLA 7G. SUÐURNES

	Nær eingöngu kk störf	Fleiri kk en kvk störf	Bæði kynin jafnt	Fleiri kvk en kk störf	Nær eingöngu kvk störf	Samtals
Umsóknir						
Fjöldi umsókna	5	17	38	10	3	73
Fjöldi umsókna (%)	6,8%	23,3%	52,1%	13,7%	4,1%	100,00%
Meðalfjárhæð umsókna	1.910.000	3.197.735	2.470.286	2.292.830	1.796.667	
Veittir styrkir						
Fjöldi styrkja	1	8	21	7	0	37
Fjöldi styrkja (%)	2,7%	21,6%	56,8%	18,9%	0,0%	100,00%
Meðalfjárhæð styrkja	0	2.537.500	1.502.381	1.228.571	0	

Í töflum 7A til 7G má sjá vísbendingar um kyngreind áhrif starfa sem áætlað er að verði til á verkefnatímanum í hverjum landshluta. Mjög erfitt er að segja fyrir um hver endanleg áhrif verkefna verða á atvinnusamsetningu einstakra landshluta hvort sem er varðandi fjölda starfa eða samsetningu þeirra enda eru þau ýmist í gangi enn eða þeim er nýlukið. Eftirliti stjórnvalda með kynjajafnrétti lýkur þegar skilyrðum sem sett eru við úthlutunina er fullnægt og eins og hér kemur fram er allt eins og best verður á kosið.

Forsögu þessarar kynjagreiðingar má rekja til verkefnisins kynjuð hagstjórn og fjárlagagerð sem fjármálaráðuneytið hóf í samvinnu við öll ráðuneyti árið 2011. Þá fór iðnaðarráðuneyti af stað með verkefni sem greindi úthlutun fjármuna úr stoðkerfi atvinnulífsins út frá kyni í því skyni að koma með tillögum að endurbótum um hvernig bæta mætti upplýsingar og úthlutun til að tryggja jafnt aðgengi karla og kvenna að úrræðum stoðkerfis atvinnulífsins. Niðurstaðan var sú að meðaltal skiptingar styrkja milli kynja reyndist vera 81% karlar og 19% konur og gildi það jafnt um fjölda umsókna og útteildra styrkja/lána.⁶ Ástæður þessa kynjahalla eru eflaust margar og er mikilvægt fyrir stjórnvöld að greina þær og ráða bót á þeim atriðum sem hægt er. Við úrvinnslu gagna úr umsóknar- og úthlutunarferlum á að vera auðvelt að afla kyngreindra upplýsinga. Upplýsingar um kyn verkefnisstjóra og kynjahlutfall í fyrirtæki veita aðeins takmarkaðar upplýsingar um kynbundin áhrif verkefna. Tölfræði um rekstur og afkomu fyrirtækja á Íslandi er yfirleitt ekki kyngreind þrátt fyrir að í jafnréttislögum sé ákvæði um að öll tölfræði skuli vera kyngreind. Afar mikilvægt er að bæta úr skorti á kyngreindri hagrænni tölfræði þannig að hægt verði að samþætta jafnréttissjónarmið í allri stefnumótun og ákvarðanatöku á vegum opinberra aðila. Ávinningur af skráningu kyngreindra hagtalna er augljós, ekki síst við stefnumótun stjórnvalda í atvinnumálum.

⁶ <https://www.atvinnuvegaraduneyti.is/sjavarutvegs-og-landbunadarmal/utgafur/utgefid-efni-sjavarutvegs-og-landbunadarmala/styrkjauthlutanir-arin-2009-2013-sem-aetlad-er-ad-stydja-vid-atvinnulif-og-nyskopun-greindar-efir-kyni>

TAFLA 8. ATVINNUGREINAFLOKKUN UMSÓKNA

Umsóknir	Vesturland	Vestfirðir	Norðurl. v.	Norðurl. e.	Austurland	Suðurland	Suðurnes	Fjöldi
01 Ræktun nytjajurta og búfjárrækt, veiðar og tengd þjónustustarfsemi	1	1	2			4		8
02 Skógrækt og skógarhögg				1	2			3
03 Fiskveiðar og fiskeldi		2		1	1			4
07 Málmnam og málmvinnsla	2							2
10 Matvælaframleiðsla	16	5	7	4	7	22	2	63
11 Framleiðsla á drykkjarvörum		1		2			1	4
13 Framleiðsla á textílörum						3		3
14 Fatagerð	2							2
15 Framleiðsla á leðri og leðurvörum			1					2
16 Framleiðsla á viði, viðurvörum og korki önnur en húsgagnagerð				1	1			2
17 Framleiðsla á pappír og pappírvöru								0
20 Framleiðsla á efnum og efnavörum			3			6		9
21 Framleiðsla á lyfjum og efnum til lyfjagerðar						1		0
22 Framleiðsla á gúmmí- og plastvörum								0
23 Framleiðsla á vörum úr málmlausum steinefnum						1		0
24 Framleiðsla máлма								0
25 Framleiðsla á málmvörum, að undanskildum						1		1
26 Framleiðsla á tölvu-, rafeinda- og optískum vörum					1			1
27 Framleiðsla á rafbúnaði								0
28 Framleiðsla á öðrum ótöldum vélum og tækjum	1					1		2
31 Framleiðsla á húsgögnum og innréttingum			3		1	1		3
32 Framleiðsla, ót.a.s.	2	1						3
33 Viðgerðir og upps vélbúnaðar og tækja						2		0
35 Rafmagns-, gas- og hitaveitur								0
36 Vatnsveita, öflun og meðferð vatns			1					0
38 Sorphirða, meðhöndlun og förgun sorps; endurnýting efnis				1		1		2
41 Bygging húsnæðis; þróun byggingarverkefna			1				2	3
43 Sérhæfð byggingarstarfsemi							9	0
46 Heildverslun, að undanskildum vélknúnum ökutækjum								0
47 Smásöluverslun, að undanskildum vélknúnum ökutækjum				1				1
50 Flutningur á sjó og vatnaleiðum								0
55 Rekstur gististaða			1	1		3		5
56 Veitingasala og -þjónusta		3	1			4		8
58 Útgáfustarfsemi	4	3	1		11		6	25
59 Framl á kvikm, myndb og sjónvarpsefni; hljóðupptaka og tónlistarútg	8	1	2	3	6		6	26
60 Útvarps- og sjónvarpsútsending; dagskrárgerð			1		1			0
62 Þjónustustarfsemi á sviði upplýsingatækni	2	1		1			1	5
63 Starfsemi á sviði upplýsingaþjónustu						7		7
71 Starfsemi arkitekta og verkfræðinga; tæknilegar prófanir og greining				1				1
72 Vísindarannsóknir og þróunarstarf	1	12	2	4	9	15	6	49
73 Auglýsingastarfsemi og markaðsrannsóknir				2	8	5		15
74 Önnur sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi				2		1	1	4
75 Dýralækningar								0
77 Leigustarfsemi, þó ekki fasteignaleiga								0
79 Ferðaskrifstofur, ferðaskipuleggjendur og önnur bóknarþjónusta	17		12	13	5	24	1	72
81 Fasteignasýsla, hreingeringaþjónusta og skrudgarðyrkja								0
82 Skrifstofuþjónusta og önnur þjónusta við atvinnurekstur								0
84 Opinber stjórnsýsla, varnarmál og alm					1			0
85 Fræðslustarfsemi	11	3		3	9	7	5	38
86 Heilbrigðisþjónusta								0
88 Félagsþjónusta án dvalar á stofnun				1				1
90 Skapandi listir og afþreying	69	34	36	67	30	102	28	366
91 Starfsemi safna og önnur menningarstarfsemi	27	23	39	20	17	39	3	168
93 Íþrótt- og tómstundastarfsemi	1	4		1	4			10
94 Starfsemi félagasamtaka				2	3	3	2	10
95 Viðgerðir á tölvum og hlutum til einka- og heimilisnota								0
96 Önnur þjónustustarfsemi	9	12	3	1				25
	173	106	116	133	117	253	73	971

TAFLA 9. ATVINNUGREINAFLOKKUN STYRKJA

Atvinnugreinaflokkun	Vesturland	Vestfirðir	Norðurl. v.	Norðurl. e.	Austurland	Suðurland	Suðurnes	Fjöldi
Veittir styrkir								
01 Ræktun nytjajurta og búfjárrækt, veiðar og tengd þjónustustarfsemi	1		1			1		3
02 Skógrækt og skógarhögg				1				1
03 Fiskveiðar og fiskeldi	1	2		1				4
07 Málmnám og málmvinnsla								0
10 Matvælaframleiðsla	9	3		3	6	14	1	36
11 Framleiðsla á drykkjarvörum		1		1				2
13 Framleiðsla á textílörum						2		2
14 Fatagerð	2							2
15 Framleiðsla á leðri og leðurvörum			1					
16 Framleiðsla á viði, viðarvörum og korki önnur en húsgagnagerð				1	1			2
17 Framleiðsla á pappír og pappírsvöru								
20 Framleiðsla á efnu og efnavörum			1			2		3
22 Framleiðsla á gúmmi- og plastvörum								0
24 Framleiðsla málna								0
25 Framleiðsla á málmvörum, að undanskildum						1		1
26 Framleiðsla á tölvu-, rafeinda- og optískum vörum					1			
27 Framleiðsla á rafbúnaði								
28 Framleiðsla á öðrum ótöldum vélum og tækjum	1					1		2
30 Framleiðsla annarra fyrirtækja			2					
31 Framleiðsla á húsgögnum og innréttingum			1		1			
32 Framleiðsla, ót.a.s.		1						1
33 Viðgerðir og uppsetn vélbúnaðar og tækja						1		
35 Rafmagns-, gas- og hitaveitur								0
36 Vatnsveita, öflun og meðferð vatns			1					
38 Sorphirða, meðhöndlun og förgun sorps; endurnýting efnis				1		1		2
41 Bygging húsnæðis; þróun byggingarverkefna							1	1
43 Sérhæfð byggingarstarfsemi							8	
46 Heildverslun, að undanskildum vélknúnum ökutækjum								
47 Smásöluverslun, að undanskildum vélknúnum ökutækjum								0
50 Flutningur á sjó og vatnaleiðum								
55 Rekstur gististaða				1		2		3
56 Veitingasala og -þjónusta		2				4		6
58 Útgáfustarfsemi					8			8
59 Framleiðsla á kvikm, myndb og sjónvarpsefni; hljóðupptaka og tónlistar	5	1	1	2	2		2	13
60 Útvarps- og sjónvarpsútsending; dagskrárgerð								
62 Þjónustustarfsemi á sviði upplýsingatækni	1							1
63 Starfsemi á sviði upplýsingaþjónustu						2		2
71 Starfsemi arkitekta og verkfræðinga; tæknilegar prófanir og greining				1				
72 Vísindarannsóknir og þróunarstarf		4		3	6	6	3	22
73 Auglýsingastarfsemi og markaðsrannsóknir				2	6	2		10
74 Önnur sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi				1		1	1	3
75 Dýralækningar								
77 Leigustarfsemi, þó ekki fasteignaleiga								
79 Ferðaskrifstofur, ferðaskipuleggjendur og önnur bókunarþjónusta	8		6	8	2	10		34
81 Fasteignaumsýsla, hreingeringaþjónusta og skróðgarðyrkja								0
82 Skrifstofuþjónusta og önnur þjónusta við atvinnurekstur								0
84 Opinber stjórnsýsla, varnarmál og alm					1			
85 Fræðslustarfsemi	4	3		2	9	2	2	22
86 Heilbrigðisþjónusta								0
88 Félagþjónusta án dvalar á stofnun				1				1
90 Skapandi listir og afþreying	43	27	27	38	20	69	15	239
91 Starfsemi safna og önnur menningarstarfsemi	13	17	28	14	13	33	2	120
93 Íbrótta- og tómstundastarfsemi	1	5		1	4		2	13
94 Starfsemi félagasamtaka				2	1	1		4
95 Viðgerðir á tölvum og hlutum til einka- og heimilisnota								
96 Önnur þjónustustarfsemi	4	1	1	1				7
	93	67	70	85	81	155	37	588

Töflur 8 og 9 sýna verkefni flokkuð eftir atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands, ÍSAT 2008.⁷ Líkt og fyrri ár féllu langflest verkefni, bæði umsóknir og styrkir, undir

⁷ Flokkunin byggist á atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, NACE Rev. 2, og gildir í öllum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins. Atvinnugreinaflokkun er meðal mikilvægustu flokkunarkerfa í hagskýrslugerð, þar sem samræmt flokkunarkerfi tryggir samanburðarhæfni á hagstærðum

skapandi listir og afþreyingu og starfsemi safna og aðra menningarstarfsemi. Af samtals 971 umsókn voru 544 vegna menningarstarfsemi, eða 56% allra umsókna, sem er aðeins lægra hlutfall en 2017 en þá var hlutfallið 59,7%. Af þessum 544 verkefnum flokkuðust 366 sem skapandi listir og afþreying og 168 verkefni undir starfsemi safna og aðra menningarstarfsemi. Styrkirnir sem féllu undir þennan atvinnugreinaflokk voru 372, eða 63,2% allra styrkja. Hlutfallið var 64,6% árið 2017. Samtals voru 239 af 372 verkefnum flokkuð sem skapandi listir og afþreying og 120 vegna starfsemi safna og annarrar menningarstarfsemi. Árangurshlutfall menningarverkefna var hátt, eða 68,4% sem er hækkun frá fyrra ári, en það var 63,9% árið 2017. Flestar umsóknir voru á Suðurlandi, 26%, en fæstar á Suðurnesjum, 7,5%. Suðurland veitti einnig hlutfallslega flesta styrki til menningarmála, 17,3%, en fæstir voru þeir á Suðurnesjum, rúm 3,2%. Í báðum tilvikum hefur hlutfallið lækkað lítillega.

NOKKUR VERKEFNI UPPBYGGINGARSJÓÐA

Eins og fram hefur komið hlutu alls 588 verkefni styrki úr uppbyggingarsjóðum landshlutanna á árinu 2018. Í árlegum greinargerðum landshlutasamtaka sveitarfélaga voru samtökin beðin um að gera stuttlega grein fyrir þremur til fimm verkefnum sem fengu styrk á árinu. Hér á eftir má sjá upplýsingar um nokkur verkefni sem eru afar fjölbreytt og áhugaverð.

VESTURLAND

PLAN B

Styrkur: 1.000.000 kr.

Styrkþegi: Sigursteinn Sigurðsson

Plan B Artfestival er listhátíð sem hefur verið haldin í Borgarnesi undanfarin ár. Hátíðin stendur alla jafna yfir í þrjú daga. Markmiðið er að auka framboð menningar fyrir heimamenn og auka afþreyingu fyrir gesti og gangandi. Jafnframt hefur það verið markmið að sýna börnum og ungmennum að það er hægt að starfa við skapandi greinar, listsköpun og skapandi hugsun. Ýmsir listamenn, bæði heimamenn sem og listamenn utan héraðs og utan landsteinanna, hafa tekið þátt og sýnt verk sín á listahátíðinni. Hátíðin var tilnefnd til Eyrarrósarverðlaunanna árið 2018.

atvinnulífsins innan lands og milli þjóða. Öllum lögskráðum félögum og einstaklingum í atvinnurekstri ber að hafa skráða starfsemi samkvæmt ÍSAT2008 í fyrirtækjaskrá.

NORTHERN WAVE

Styrkur: 1.000.000 kr.

Styrkþegi: Dögg Mósedóttir

Alþjóðlega kvikmyndahátíðin Northern wave var haldin í ellefta skipti í október 2018, á Rífi á Snæfellsnesi. Á hátíðinni er fjölbreytt úrval alþjóðlegra stuttmynda, hreyfimynda, vídeóverka og íslenskra tónlistarmyndbanda auk annarra viðburða s.s. fiskiréttasamkeppni, fyrirlestra, vinnustofur og tónleika. Hátíðin er unnin í nánu samstarfi við Frystiklefann á Rífi. Kvikmyndahátíðin hefur fest sig í sessi sem ein athyglisverðasta stuttmyndahátíðin á Íslandi og hefur sterkar rætur á Snæfellsnesi. Mögulega má rekja aukinn áhuga á kvikmyndagerð og kvikmyndahátíðum á Vesturlandi til Northern wave sem sannarlega ruddi brautina. Hátíðin var tilnefnd til Eyrarrósaverðlaunanna árið 2018.

ICESILK

Styrkur: 1.660.000 kr.

Styrkþegi: Signý Gunnarsdóttir

Verkefnið felst í þróun á fæði fyrir silkiorma og hagkvæmisathugun á framleiðslu þeirra á Íslandi. Afurðir silkiormanna eru meðal annars silkiþráður sem hægt verður að nota í garn og vaðmál, auk þess sem hægt verður að nota efni úr ormunum í líftækni, ýmis lyf og húðvörur. Loks er hægt að nýta þurrkaða orma í fæðu fyrir hænsni og í fiskeldi. Markmiðið er að fyrirtækið verði staðsett í Grundarfirði og eflí atvinnulíf á staðnum og Snæfellsnesi öllu. Verkefnið hefur vakið mikla athygli og má nefna að það hefur fengið umfjöllun í sjónvarpi og ýmsum öðrum fjölmiðlum.

ÞRÓUN Á VEIÐUM OG VINNSLU Á GRJÓTKRABBA

Styrkur: 2.000.000 kr.

Styrkþegi: Útgerðarfélagið Lokinhamrar

Grjótkrabbi er ný nytjategund innan veiðilögsögu Íslands og finnst hann nú í veiðanlegu magni í Faxaflóa. Fyrirtækið fær styrk til þess að fara í þróunarvinnu á veiðum, vinnslu og markaðssetningu á grjótkrabba. Skoða á árangur veiða út frá mismunandi veiðislóðum, gildrugerð og beitu. Krabbinn hefur verið sýndur og kynntur á erlendum markaðssýningum. Markmiðið er að þróa veiðar og vinnslu á grjótkrabba með arðbærum hætti og auka verðmætasköpun í smábátaútgerð við Faxaflóa.

VESTFIRÐIR

LITLI SÓTARINN/ KALLI OG SÚKKULAÐIVERKSMIÐJAN

Styrkur: 500.000 kr.

Styrkþegi: Ópera Vestfjarða/ Tónlistarskóli Ísafjarðar

Ópera Vestfjarða hlaut upphaflega styrk úr uppbyggingarsjóði árið 2016 til að setja upp Litla sótarann, en verkefnið frestaðist. Ákveðið var að skipta um viðfangsefni og varð óperan Kalli og súkkulaðiverksmiðjan fyrir valinu. Útkoman varð heillandi og stórskemmtileg óperusýning á Ísafirði sem hlaut frábæra aðsókn og miklar vinsældir.

HEIMILDAMYND UM SAMÚEL Í SELÁRDAL

Styrkur: 800.000 kr.

Styrkþegi: Félag um listasafn Samúels

Gott dæmi um verkefni sem fékk lítinn styrk sem skilaði miklu. Lagt var upp með að gera stutta heimildarmynd um uppbyggingu á Listasafni Samúels í Selárdal, en myndefnið var nýtt til að gera lítil innslög sem koma víða fram, á samfélagsmiðlum og í sjónvarpi. Tekið var upp tónlistarmyndband sem hefur fengið talsvert áhorf, enda stórskemmtilegt.

MÁLÞING UM FORNMENNINGU STRANDA

Styrkur: 400.000 kr.

Styrkþegi: Bergsveinn Birgisson

Bergsveinn Birgisson fékk styrk til að standa að málþingi um menningu á Ströndum til forna í tengslum við fornleifafundi á svæðinu. Hann fékk þungavigtarfólk af mörgum sviðum til að koma og kynna sín sérsvið sem tengdust málinu, enda vakti viðburðurinn talsverða athygli meðal fræðimanna. Góð aðsókn var á málþingið og líflegar umræður á eftir.

DOKKAN

Styrkur: 1.000.000 kr.

Styrkþegi: Dokkan brugghús

Dokkan er lítið brugghús á Ísafirði sem var sett upp með styrk úr uppbyggingarsjóði og var opnað sumarið 2018. Verkefnið gekk ákaflega vel, öll samskipti voru til fyrirmyndar og lokaskýrslu var skilað í október. Þá var starfsemin komin á góðan skrið, afurðirnar komnar í sölu og mælast þær afar vel fyrir.

NÝTING Á KRÆKLINGI AF FISKELDISKVÍUM

Styrkur: 1.000.000 kr.

Styrkþegi: Vistum ehf.

Mjög spennandi verkefni sem stuðlar að því að nýta hráefni sem ella hefði farið í urðun. Við þríf á fiskeldiskvíum hjá nótaþvottastöðvum fellur til mikið af smáum kræklingi og fleiri ásætum. Verkefnið sýndi fram á að þetta getur farið til vinnslu til hagsbóta fyrir náttúrufar og landgæði á Vestfjörðum.

NORÐURLAND VESTRA

Í TAKT VIÐ TÍMANN

Styrkur: 600.000 kr.

Styrkhafi: Skagfirski kammerkórinn

Tónleikar þar sem annars vegar var flutt verkið Magnificat eftir John Rutter og hins vegar íslensk einsöngslög. Að verkinu komu Skagfirski kammerkórinn, Kammerkór Norðurlands, Sinfonietta Vesturlands og einsöngvararnir Helga Rós Indriðadóttir og Kolbeinn Jón Ketilsson. Þessir tónleikar voru haldnir í Menningarhúsinu Miðgarði, á Akranesi og í Langholtskirkju. Áheyrendur voru alls um 350.

PRJÓNAGLEÐI

Styrkur 450.000 kr.

Styrkhafi: Textílsetur Íslands ses.

Prjónagleði var haldin á Blönduósi í þriðja sinn 8.-10. júní 2018. Markmið Prjónagleðinnar er að leiða saman kennara og áhugafólk um prjónaskap ásamt atvinnufólki í greininni frá fjölmörgum þjóðlöndum. Kennt var á íslensku, ensku og dönsku. Þema Prjónagleðinnar 2018 var 100 ára afmæli fullveldis Íslands. Haldin var samkeppni um fullveldispeysu og afhenti frú Eliza Reid forsetafrú verðlaunin. Grunnskólarnir þrír í A-Hún. prjónuðu hver um sig teppi sem síðan voru sett á súlur í Leifsstöð og nemendur frá Listaháskólanum Concordia í Kanada tóku virkan þátt í hátíðinni.

LAGÐUR LÍTUR FRAM Á VEGINN

Styrkur: 1.250.000 kr.

Styrkhafi: Vitaðsgjafi ehf.

Vitaðsgjafi ehf. hefur framleitt textílvörur frá árinu 2011 með áherslu á hönnun púðavera undir vörumerkinu Lagður. Púðaverin eru saumuð úr séráprentuðu efni með ljósmyndum úr náttúru Íslands. Vitaðsgjafi leggur áherslu á að nýta þjónustu innlendra aðila hvað aðföng og útfærslu varðar og allar umbúðir eru jafnframt íslensk framleiðsla. Fyrirtækið skapaði um þrjú ársverk árið 2018. Markmið verkefnisins var að gera átak í markaðssetningu með það fyrir augum að fjölga komum erlendra ferðamannahópa í verslun Vitaðsgjafa á Hólabaki. Einnig er ætlunin að undirbúa markaðssetningu á völdum markaðssvæðum erlendis.

ARCTIC COAST WAY/ NORÐURSTRANDARLEIÐ

Styrkur: 6.850.000 kr.

Styrkhafi: Ferðamálafélag Vestur-Húnavatnssýslu

Arctic Coast Way er samstarfsverkefni fjölmargra aðila á Norðurlandi, allt frá Hvammstanga í vestri yfir á Bakkafjörð í austri. Verkefnið hófst árið 2017. Verkefnisstjóri er Christiane Stadler og hefur hún aðsetur á Markaðsstofu Norðurlands sem hýsir verkefnið. Arctic Coast Way/ Norðurstrandarleið er nýr ferðamannavegur á Norðurlandi. Markmiðið er að byggja upp nýtt aðdráttarafl í ferðaþjónustu á Norðurlandi, auk þess að styrkja innviði og efla byggð á svæðinu. Megináherslan er á sjávarbyggðir og sjávertengda þjónustu meðfram strandlengjunni.

NORÐURLAND EYSTRÁ

VERÐMÆTASKÖPUN VIÐ MÝVATN

Styrkur: 3.500.000 kr.

Styrkþegi: Mýsilica

Mýsilica er nýsköpunarfyrirtæki sem sérhæfir sig í framleiðslu og markaðssetningu á hágæða húðvörum sem unnar eru úr auðlindum úr Mývatnssveit. Fyrstu vörur fyrirtækisins koma á markað sumarið 2019, en

vörurnar eru þróaðar og framleiddar á svæðinu. Aðal virka efnið í húðvörunum er kísill ásamt öðrum steinefnum úr jarðhitavatni við Bjarnarflag.

VERKSMIÐJAN Á HJALTEYRI – DAGSKRÁ 2018

Styrkur: 4.000.000 kr.

Styrkþegi: Verksmiðjan á Hjalteyri

Verksmiðjan stendur fyrir lifandi listastarfsemi með þá sérstöðu að vera hvort tveggja í senn verkefnarými þar sem að listin verður til, en um leið áhugaverður sýningarstaður. Hún gerir listafólki kleift að framleiða og sýna verk í skapandi rými á sama tíma og hún færir líf í einstaka byggingu. Listin er flutt úr stað af hinum hefðbundna sýningarstað, út í náttúruna og inn í óvenjulegt hús. Það má segja að þarna renni saman listin, öðruvísi arkitektúr, saga, samfélag og fallett umhverfi. Árangur verkefnisins á árinu 2018 var góður. Samtals voru þátttakendur í verkefnum/sýningum 47. Sýningarárið hefur lengst ár frá ári og eru sýningarnar nú umfangsmeiri og vandaðari en áður. Fjöldi gesta hefur aukist og nýtur Verksmiðjan mikillar virðingar sem sýningarrými.

HÆLIÐ SETUR UPP SÖGU BERKLANNA

Styrkur: 2.000.000 kr.

Styrkþegi: María Pálsdóttir

Hælið er setur um sögu berklanna á Kristnesi í Eyjafirði þar sem áður var berklahæli. Gestum gefst kostur á að fræðast um berklana sem geysuðu snemma á 20. öldinni og lögðu allt of marga af velli. Um er að ræða safn tilfinninga þar sem von, sorg, gleði og ást kemur við sögu. Áhersla verður á skapandi og sjónrænar lausnir á sýningunni og texta haldið í lágmarki. Þá verður kaffihús í anda fjórða áratugarins samofið sýningunni.

AUSTURLAND

I-TEC INNVEGGJAKERFI, ÞRÓA OG FRAMLEIÐA FORSTEYPTAR VEGGJAEININGAR

Styrkur: 2.000.000 kr.

Styrkþegi: Thermo Tec ehf.

Thermo Tec er búið að þróa og framleiða mót fyrir forsteyptar veggeiningar, fyrir nýja tegund af innveggjakerfi úr léttsteypu. Veggirnir eru 60 cm á breidd og upp í 3m á lengd. Keyptar eru frauðplastkúlur og þær settar í vél sem grunnar þær. Styrkurinn var til að halda áfram þróunarvinnu og markaðssetningu á innveggjunum. Auk þess að þróa nýja gerð veggja sem eru með hljóddúk í miðjunni sem gerir það að verkum að hljóðeinangrun verður meiri. Seldir hafa verið innveggir til Eskju á Eskifirði í nýja framleiðsluhúsið þar og einnig hafa verið seldir veggir í einbýlishús og bjórverksmiðju á Héraði og í fjölbýlishús í Reykjavík í gegnum byggingarfyrirækið X-JB. Auk þess sem nýju hljóðeinangrandi veggirnir voru seldir í hljóðver og koma mjög vel út við mælingar í hljóðverinu.

STOFN- OG REKSTRARSTYRKUR TIL AÐ BREYTA NETAVERKSTÆÐI Í VINNUSTOFUR FYRIR LISTAMENN

Styrkur: 1.000.000 kr.

Styrkþegi: LungA-skólinn ses.

Netaverkstæði á Seyðisfirði var standsett sem vinnustofur fyrir listamenn og sýningar. Húsnæðið er bæði fyrir nemendur LungA-skólans sem og listamenn sem til Seyðisfjarðar koma. Þar getur skapast samtali listamanna sem dvelja á Seyðisfirði frá öllum heimshornum í nánú samtali við samfélagið og listamenn á Seyðisfirði.

MATVÆLASVIÐ GG ÞJÓNUSTU, ÞRÓA HREINGERNINGAÞJÓNUSTU FYRIR MATVÆLAFYRIRTÆKI

Styrkur: 1.350.000 kr.

Styrkþegi: GG þjónusta ehf.

Fyrirtækið tók til starfa 2016. Fyrirtækið sérhæfir sig í verkstjórn á þrifum og umsjón með mótuneytum á Austurlandi. Styrkurinn var veittur til að undirbúa og gera það samkeppnisfærara til þrifa í matvælaíðnaði. Þar eru kröfur miklar og tilheyrandi vottanir og leyfi þarf til að komast á þann markað. Uppbyggingin gekk vel og fljótt voru gerðir samningar við matvælafyrirtæki á Austurlandi. Frá því að styrkurinn var veittur og lokaskýrslu skilað hafði starfsmannafjöldinn aukist úr tveimur í sextán.

LISTDANS Á AUSTURLANDI. NÁMSKEIÐ FYRIR BÖRN OG UNGMENNÍ Á AUSTURLANDI

Styrkur: 600.000 kr.

Styrkþegi: Dansstúdíó Emelú

Dansstúdíó Emelú bauð upp á námskeið í listdansi fyrir börn og unglunga á aldrinum 2-17 ára á Austurlandi sumarið 2018. Námskeiðin voru haldin á Fljótsdalshéraði júní og í Fjarðabyggð í júlí, bæði námskeið enda með uppskerusýningu. Á Fljótsdalshéraði verður danssýning nemenda haldin í Sláturhúsinu, en nemendur í Fjarðabyggð sýna á hátíð Franskra daga á Fáskrúðsfirði. Dansstúdeó Emelú hefur í fjölda ára haldið úti danskennslu fyrir börn og unglunga á Austurlandi og hefur haft mikil áhrif. Auk þess að sjá um skapandi sumarstörf sumarið 2019 hefur Dansstúdeóið verið með kennslu og sýningar á BRAS menningarhátíð barna og ungmenna á Austurlandi. Frá því að danskennslan byrjaði hefur bæði kennsluvæðið stækkað og fjölbreytileiki og tengingra við annað starf fyrir börn og ungmenni aukist mikið.

FROST1918 RÓS2018. PLÚS/MÍNUS HUNDRAD – VÖRUHÖNNUN Í TÍLEFNI 100 ÁRA FULLVELDISAFMÆLIS ÍSLANDS

Styrkur: 500.000 kr.

Styrkþegi: Sölumiðstöð Húss handanna ehf.

Verkefnið er unnið í samstarfi við Steinrúnu Óttu Stefánsdóttir vöruhönnuð, Eik á Miðhúsum og framleitt að hluta hjá Pes graffískri hönnun í Fellabæ. Innblásturinn að vörunni var m.a. sóttur frá Minjasafni Austurlands en þar og á netinu voru skoðuð brauðmót sem á árum áður voru notuð til að þrykkja mynstur á pottbrauð. Slíkt var gert til hátíðabrigða og þegar góða gesti bar að garði. „Gestrisni er Íslendingum í blóð borin og hefur borist milli kynslóða fram á okkar daga. Á flestum bæjum var hvorki spurt um stétt né stöðu þegar gest bar að garði en hlúð að viðkomandi af virðingu og alúð“. Af þessu spratt umræðan um hvaða gildum væri mikilvægast að fleyta milli kynslóða næstu hundrad árin. Afurðin er því brauðmót og hörviskastykki með „kynjamerkinu“ hann/hún/ hán ásamt uppskrift af pönnubrauði.

SUÐURLAND

BRODDUR BYGGIR UPP

Styrkur: 2.000.000 kr.

Styrkþegi: Birna Guðrún Ásbjörnsdóttir

Markmið verkefnisins er að nýta brodd til framleiðslu á fæðubótaefni til manneldis. Að afla þekkingar á örveruinnihaldi, ónæmis- og vaxtarþáttum ásamt næringarefnum í íslenskum broddi til að byggja á við framleiðslu fæðubótaefna. Afla upplýsinga hjá mjólkurfræðingi og bændum um hagnýta og verklega þætti varðandi söfnun og nýtingu á broddi. Skoða framleiðsluþætti s.s. pökkun í hylki, umbúðir og merkingar samkvæmt reglugerðum. Að leggja grunn að markaðssetningu á innlendum og mögulega erlendum markaði. Verkefnið hefur verið styrkt í tvígang af Uppbyggingasjóði Suðurlands. Nú á Góu 2019 er að hefjast framleiðsla á 500 mg. hylkjum sem verða notuð til að gera íhlutandi rannsókn á mönnum. Þær niðurstöður verða gefnar út og notaðar til markaðssetningar í framhaldinu.

HUGLÆG RÝMI Í LISTASAFNI ÁRNESINGA

Styrkur: 800.000 kr.

Styrkþegi: Ólafur Sveinn Gíslason

Huglæg rými er innsetning eftir Ólaf Svein Gíslason og sýnd í Listasafni Árnesinga í Hveragerði. Sýningin samanstendur af kvikmynd sem varpað er á sex fleti sýningarrýmisins, vatnslitaverkum, litlum, misstórum skúlptúrum og milliveggjum sem á áhugaverðan hátt mynda eitt verk sem Ólafur sviðsetur í þrjá meginsali safnsins sem og í anddyrið. Uppspretta verksins Huglæg rými eru samræður Ólafs og nágranna hans í Flóanum, Sigurðar Guðmundssonar á Sviðugörðum- kynni Ólafs af því hvernig hann er samvaxinn sögu staðarins og tengsl hans við mótun býlisins, húsin, skepnur og jörðina. Handrit kvikmyndarinnar byggir Ólafur á viðtölum við Sigurð, en hann lætur fimm einstaklinga segja frá sem Sigurður. Þeir eru auk Sigurðar sjálfs, einn lærður leikari, Þór Tulinius, og þrír sveitungar, ungur piltur, ungur maður og kona, sem eru Ágúst Þorsteinsson, Guðjón Helgi Ólafsson og Kristín Ólafsdóttir.

ÞURRKAÐ KEILUSNAKK

Styrkur: 850.000 kr.

Styrkþegi: Volcano Seafood ehf.

Markmið verkefnisins er að auka verðmætasköpun úr keilu sem er ódýr og vannýtt afurð. Einnig að skapa sérstöðu á harðfiskmarkaði þar sem hingað til hefur enginn framleiðandi selt bragðbættan harðfisk. Annað markmið er að reyna að bjóða uppá harðfisk á lægra verði en í búðum í dag.

Volcano Seafood ætlar að framleiða harðfisk úr keilu, og auka verðmæti hennar. Keilan er keypt á fiskmarkaði, flakið fer til þurrkunar en það sem fellur frá fer í aðra verkun. Framleiddar verða tvær bragðtegundir, önnur er saltkeila og hin er sett í chilli krydd pækil og síðan þurrkuð. Þegar búið er að framleiða vöruna er henni pakkað í neytendavænar pakkningar sem eru einnig hentugar fyrir geymsluþol vörunnar.

SUÐURNES

FERSKIR VINDAR, ALÞJÓÐLEG LISTAHÁTÍÐ

Styrkur: 2.000.000 kr.

Styrkþegi: Mireya Samper/ Ferskir vindar

Ferskir Vindar er alþjóðleg listahátíð sem haldin hefur verið í Garði annað hvert ár frá árinu 2010. Með Ferskum Vindum blása nýjir vindar um samfélagið og stuðla að jákvæðri þróun og uppbyggingu í menningarmálum. Verkefnið hlaut Eyrarrósina árið 2018. Eyrarrósin er viðurkenning fyrir framúrskarandi menningarverkefni á starfssvæði Byggðastofnunar.

EITT ÁR Á SUÐURNESJUM

Styrkur: 1.500.000 kr.

Styrkþegi: Menningarsvið Reykjanesbæjar

Listasafn Reykjanesbæjar og Norræna húsið í Færeyjum verða í samstarfi með stóra ljósmyndasýningu. Norræna húsið leggur til sýninguna „Foroyar i et år“ og listasafnið sýninguna „Eitt ár á Suðurnesjum“. Í báðum sýningum hefur öllum heimamönnum verið boðið að senda inn ljósmyndir af daglegu lífi sínu á ákveðnum tíma.

SÖNGVASKÁLD Á SUÐURNESJUM

Styrkur: 700.000 kr.

Styrkþegi: Dagný Gísladóttir

Verkefnið miðar að því að kynna tónlistararf og tónlistarmenningu á Suðurnesjum. Tónleikaröðin hófst árið 2015 og eru haldnir þrennir tónleikar á ári. Í tali og tónum eru kynntir valdir tónlistarmenn af Suðurnesjum. Vinna þarf handrit fyrir hvern tónlistarmann og viðtöl, þannig verður til þekking til framtíðar sem hægt er að miðla á ýmsa vegu.

LOKAORÐ

Markmið sóknaráætlana landshluta er að auka samkeppnishæfni hvers landshluta og þar með landsins alls. Verklag sóknaráætlana styður við auknið lýðræði og kallar á samráð og sameiginlega stefnumörkun sem byggist á þekkingu heimamanna á hverjum stað. Frá upphafi hefur vinnan við sóknaráætlanir verið lærdómsríkt ferli fyrir Stjórnarráðið, sveitarfélögin og samtök þeirra. Stuðningur ríkisstjórna er ómetanlegur og forsenda þessarar jákvæðu þróunar. Mikilvægt er að halda áfram þeirri valdeflingu sem sóknaráætlanir hafa stuðlað að frá upphafi, þ.e. að ábyrgð á framkvæmd þeirra sé heima í héraði en stýrihópurinn sé ráðgefandi stuðningsaðili.

Árið 2018 voru heildarframlög til samninganna 1.092 m.kr. Landshlutasamtök sveitarfélaga hafa staðið vel undir þeirri ábyrgð sem fylgir umsýslu fjármuna og framkvæmd sóknaráætlanasamninga. Þau hafa sett sér skýrt og skilvirkt verklag við úthlutanir og umsýslu styrkveitinga og ráðstafa heimamenn fjármunum til verkefna sem þeir telja mikilvæg fyrir landshlutana og styðja við markmið sóknaráætluna þeirra. Landshlutasamtökin eru þannig orðin vel í stakk búin til að takast á við aukna ábyrgð og að auknum fjármunum verði varið í sóknaráætlanir.

Fimm ára tímabil sóknaráætlanasamninga lýkur í árslok 2019 og undirbúningur nýrra samninga er hafinn. Ráðuneyti byggðamála, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, leiðir vinnu við gerð nýrra samninga í samráði við stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál, landshlutasamtök sveitarfélaga og aðra haghafa. Við vinnuna verða lög nr. 69/2015, um byggðaáætlun og sóknaráætlanir, sem og lög nr. 123/2015, um opinber fjármál, höfð til hliðsjónar.

Á árinu 2018 var opnuð sameiginleg rafræn umsóknargátt fyrir alla uppbyggingarsjóðina. Með henni á að samræma umsóknarferilinn, einfalda umsýslu og auðvelda úrvinnslu upplýsinga í greinargerð um sóknaráætlanir. Vinnu við umsóknargáttina er nokkurn veginn lokið og fara allar umsóknir í gegnum hana.

Eins og fram kom hér í upphafi var í byrjun þessa árs, 2019, gerð úttekt á framkvæmd samninganna fyrir samningstímabilið 2015-2019. Sú úttekt var gerð opinber s.l. vor og verða henni gerð nánari skil í greinargerð sóknaráætlun fyrir árið 2019.

VIÐAUKI 1 LANDSHLUTASAMTÖK SVEITARFÉLAGA

Landshlutasamtök sveitarfélaga eru hagsmunasamtök sveitarfélaga með tilgreind afmörkuð starfssvæði. Starfssvæði þeirra eru jafnframt svæði sóknaráætlana. Öll sveitarfélög á Íslandi eru aðilar að landshlutasamtökunum þó að ekki sé um skylduaðild að ræða. Meginhlutverk allra landshlutasamtaka er að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum. Samtökin eru átta talsins og geta samkvæmt sveitarstjórnarlögum ekki verið fleiri. Starfssvæði þeirra eru ólík eins og sést á töflunni hér á eftir. Fjöldi aðildarsveitarfélaga er frá 5 til 15. Fámennasta svæðið hefur innan við 7.000 íbúa en fjölmennasta svæðið hefur tæplega 217.000 íbúa. Starfssvæði þeirra eru mjög ólík að stærð, frá 800 km² í 31.000 km². Karlar eru í meiri hluta í öllum landshlutum.

	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland	Suðurnes	Höfuðborg- arsvæðið	Samtals
Fjöldi sveitarfélaga	10	9	7	13	7	15	4	7	72
Heildarfjöldi íbúa	16.507	7.063	7.227	30.445	10.670	29.735	27.113	228.231	356.991
Fjöldi kvk	7.895	3.385	3.574	14.950	5.080	14.317	12.589	112.364	174.154
Fjöldi kk	8.612	3.678	3.653	15.495	5.590	15.418	14.524	115.867	182.837
Flatamál [km ²]	9.529	8.844	13.106	22.686	15.705	30.983	815	1.046	102.714

VIÐAUKI 2 ÁHERSLUVERKEFNI ÁRIÐ 2018⁸

Vesturland - 31.100.000 til 6 verkefna							
Heiti verkefnis	Sóknaráætlun	Mótframlag	Samtals	Framkvæmdaaðili	Markmið	Lokaafurð	Tímabil
Nýsköpun, frumkvöðlar	5.000		5.000	SSV	Efla nýsköpun, skapa betra umhverfi fyrir nýsköpun og frumkvöðla	Betra umhverfi fyrir nýsköpun og frumkvöðlafjölgun iðnnema	2018
Matarauður Vesturlands	5.000	1.500	6.500	Eigið fé, ráðgjöf	Efla fullvinnslu hráefnis í héraði, sölu beint frá býli, hráefnisnotkun úr heima héraði á veitingastöðum og matartengda upplifun	Aukið samstarf framleiðanda, matarhandverkshátíð og stuðningur við matarsmiðju	2018
Innviðir á Vesturlandi	4.000	0	4.000	Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi	Styrkja innviði með því að skapa ný tækifæri til raforkuframleiðslu, efla umferðaröryggi, tryggja góðar upplýsingar um kosti þess að setja af staða fyrirtækjarekstur í landshlutanum	Að fjölga smávirkjunum, efla umferðaröryggi og vinna staðarvalsgreiningu á Vesturlandi	2018
Efling ferðaþjónustu á Vesturlandi	5.000	0	5.000	Vesturlandsst. (Markaðsstofa Vesturlands)	Móta stefnu og skipuleggja uppbyggingu ferðamannastaðastyrkja markaðssetningu á Vesturlandi	Kynna áfangastaðaáætlun DMP fyrir Vesturland með gerð vefsjár	2018
Ungmennaping	3.600	0	3.600	SSV/ Ildi ráðgjöf/ Akraneskaupst.	Að halda ungmennaping á Vesturlandi og stuðla að stofnun Ungmennaráðs Vesturlands	Ungmennaping - Ungmennaráð Vesturlands	2018
Menningarstarf á Vesturlandi	8.500	0	8.500	SSV/menningar-fulltrúi	Að styrkja og styðja við menningarlíf á Vesturlandi með ráðgjöf og vinna f. Uppbyggarsj.	Starf menningarfulltrúa	2017

⁸ Tölur um framlag sóknaráætlana til áhersluverkefna ber ekki að öllu leyti saman við niðurstöður í töflum 1 og 2, sem skýrist af því að upphæðir í töflunum í viðaukanum byggjast á áætlun.

Vestfirðir - 43.075.571 til 14 verkefna							
Heiti verkefnis	Sóknaráætlun	Mótframlag	Samtals	Framkvæmdaaðili	Markmið	Lokaafurð	Tímabil
Visit Westfjords	5.800.000	5.800.000	11.600.000	Markaðsstofa Vestfjarða	Efling markaðssetningar gagnvart erlendum ferðamönnum	Aukinn fjöldi ferðamanna á Vestfjörðum	2016-2018
InWest	616.571	616.571	1.233.142	Atvest og Vestfjarðastofa	Auknar fjárfestingar á Vestfjörðum	Ný fjárfestingarræði. Starfsemi nýrra lögaðila.	2016-2018
Umhverfissvottaðir Vestfirðir	2.200.000	10.400.000	12.600.000	FV og Vestfjarðastofa	Starfsemi sveitarfélaga á Vestfjörðum verði umhverfissvottuð	Umhverfissvottun EarthCheck. Plastpokalausir Vestfirðir	2016-2018
Þróunarsetur á Vestfjörðum	3.550.000	0	3.550.000	Atvest og Vestfjarðastofa	Efling þróunarsetra á Hólmavík, Ísafirði og Patreksfirði og samstarf þeirra á milli	Óflugri og fjölmennari þróunarsetur	2016-2018
Rannsóknaklasi Vestfjarða / Fræðasetur HÍ í Bolungarvík	1.000.000	1.000.000	2.000.000	Fræðasetur Háskóla Íslands í Bolungarvík	Greina þörf fyrir aðstöðu til rannsókna í náttúruvísindum á Vestfjörðum	Áætlun um uppbyggingu rannsóknaraðstöðu eða annari útfærslu	2018
Þróun Vestfjarða til ársins 2035	3.500.000	2.500.000	6.000.000	Vestfjarðastofa og FV	Greining drifkrafta breytinga í umhverfi Vestfjarða til ársins 2035. Samvinnuverkefni sveitarfélaga og atvinnulífs	Sviðsmýndagreining Vestfjarða 2035	2018
Vestfirsku þorpin - íbúabyggð og áfangastaðir	2.500.000	0	2.500.000	Fræðasetur Háskóla Íslands á Hólmavík	Nýta reynslu frá Hólmavík til hugmynda og þróunarvinnu í nýtingu almennarvísindis í þéttbýlisstöðum á Vestfjörðum	Greinargerð með yfirsýn yfir verkefni sem eru í vinnslu. Mótun á aðferðarfræði sem nýtist á öllum Vestfjörðum	2018
Nýtt meistaranám í Sjávarbyggðafraeðum	5.500.000	28.500.000	34.000.000	Háskólasetur	Efla framhaldsnám á háskólastigi með nýrri námsleið Sjávarbyggðafraeði við Háskólasetur Vestfjarða	Nýtt meistaranám í boði í Háskólastrí Vestfjarða	2017-2019
Svæðisskipulag á Vestfjörðum	2.500.000	0	2.500.000	FV og Vestfjarðastofa	Unnið að svæðisskipulagi fyrir Vestfirði	Svæðisskipulag á Vestfjörðum	2018-2019
Lýðháskóli á Vestfjörðum	3.000.000	29.000.000	32.000.000	Lýðháskólinn á Vestfjörðum	Styðja við þróun Lýðháskóla á Flateyri. Auka fjölbreytni í menntunarmöguleikum á Vestfjörðum	Stofnaður verði og hafinn rekstur Lýðháskóla á Flateyri	2018
Almannatengsl fyrir Vestfirði	3.500.000	6.500.000	10.000.000	Vestfjarðastofa	Auka slagkraft og samræma aðgerðir sveitarfélaga og atvinnulífs í kynningu og umræðu	Aðgerðaráætlun í kynningarmálum. Verkaskipting og bætt aðferðarfræði	2018
Westfjords Food	1.000.000	5.000.000	6.000.000	Vestfjarðastofa	Próa sameiginlegt merki matvælaframleiðenda á Vestfjörðum og kynning	Mat á áhuga á þróun sameiglegs merkis. Virkur málefnaþróun matvælaframleiðenda	2018
Glögg er gestsaugað	500.000	500.000	1.000.000	Vestfjarðastofa	Efla sveitarfélög í að nýta "Betra Ísland" sem vettvang fyrir samfélagslega umræðu	Sveitarfélög á Vestfjörðum sem nýta "Betra Ísland"	2018
Menningarfulltrúi	7.910.000	1.990.000	9.900.000	Fjórðungssamband Vestfirðinga	Stuðningur við menningarstarf á Vestfjörðum	Áframhaldandi starf menningarfulltrúa	2018

Norðurland vestra - 32.126.766 til 11 verkefna							
Heiti verkefnis	Sóknaráætlun	Mótframlag	Samtals	Framkvæmdaraðili	Markmið	Lokaafurð	Tímabil
Okkar áfangastaður	3.000.000		3.000.000	Markaðsstofa Norðurlands	Að styrkja samkeppnisstöðu Norðurlands vestra með markvissri og faglegri uppbyggingu og markaðssetningu ferðabjónustu landshlutans	Skýrsla, niðurstöður rannsókna og greininga. Gögn um upplifun ferðabjónustufyrirtækja og ferðamannsins á helstu seglum svæðisins	2018-2019
Kynningarátak gagnvart erl. ferðaheildsölum	2.000.000		2.000.000	SSNV / Markaðsstofa Norðurlands	Að fjölga gistingu á svæðinu og bæta nýtingu fjárfestinga í greininni	Meiri áhugi söluaðila á svæðinu í formi fyrirspurna og bókana	2018-2019
Styrking gæða og þjónustuinnviða	1.350.000		1.350.000	SSNV	Að fjölga gistingu á svæðinu og bæta nýtingu fjárfestinga í greininni	Þátttaka í námskeiðum. Meiri tiltrú á starfsemi	2018-2019
Framleiðsla myndefnis	2.000.000		2.000.000	SSNV / Markaðsstofa Norðurlands	Að fjölga gistingu á svæðinu og bæta nýtingu fjárfestinga í greininni	Efnisveita mynda og myndbanda af svæðinu	2018-2019
Matarauður Norðurlands vestra	1.650.000		1.650.000	SSNV / Ferðamálasamtök Norðurlands vestra	Auka fullvinnslu og sölu vara frá frumframleiðendum (t.d. bændum) á Norðurlandi vestra	Skilgreindur fjöldi staða, þar sem fullunnar vörur úr héraði eru til sölu	2018-2019
Matvælabraut FNV	4.300.000		4.300.000	Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	Að til verði ný braut við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra. Matvælabraut	Námsbrautarlýsing verði til	2018
Uppbygging smávirkjana	3.000.000		3.000.000	SSNV / Mannvit	Fjölga smávirkjunum á Norðurlandi vestra	Niðurstöður frumathugana	2018-2019
Innviðagreiningar og birting þeirra	3.000.000		3.000.000	SSNV / Hvítarós / Mannvit	Auðveldla aðgengi fjárfesta og annarra að innviðaupplýsingum landshlutans.	Heildstæð samantekt um innviði Norðurl. vestra og aðgengileg upplýsingasíða fyrir fjárfesta	2018
Stafræn borg	1.700.000		1.700.000	SSNV	Búa til stafrænan vettvang til samstarfs og þróunar og nýta upplýsingatækni við markaðssetningu hjá fyrirtækjum sem eru langt frá mörkuðum	Stafrænn vettvangur verði til, sbr. markmið	2018-2019
Framtíðarskipan úrgangsmála	2.500.000		2.500.000	SSNV / Eyþing	Að leysa meðhöndlun og förgun úrgangs/sorps á Norðurlandi með hagkvæmum og umhverfisvænum hætti	Skýrsla um möguleg skref í átt að: a) öflugu samstarfi sveitarfélaga á svæði SSNV og Eyþings b) aukinni endurvinnslu á svæði SSNV og Eyþings c) skýrri stefnu í átt að kolefnishlutleysi svæðisins og aukinni sjálfbærni d) sameiginlegri ákvörðun sveitarstjórna um framtíðarlausn	2018
Kolefnisspor Norðurlands vestra	7.626.766		7.626.766	SSNV / Environice	Að minnka kolefnisspor Norðurlands vestra	Skýrsla um stöðu og leiðir til úrbóta	2018-2019

Norðurland eystra - 78.725.000 til 9 verkefna								
Heiti verkefnis	Sóknaráætlun	Mótframlag	Samtals	Framkvæmdaraðili	Markmið	Lokaafurð	Tímabil	
Samstarf um fjölnýtingu orkuauðlinda á Norðurlandi eystra	9.000.000	23.000.000	32.000.000	Eimur - félag í samstarfi við Landsvirkjun, Norðurorku, Orkuveitu Húsavíkur og Eyþing.	Auka og bæta nýtingu orkuauðlinda landshlutans	Áframhaldandi samstarf um fjölnýtingu orkuauðlinda á Norðurl. eystra og fyrirmyndarverkefni fyrir aðra landshluta	2016-2018	
Þróun og ráðgjöf í menningarmálum	11.225.000	0	11.225.000	Eyþing	Starfandi verði verkefnisstjóri menningarmála sem sinni þróun og ráðgjöf í menningarmálum	Starf menningarráðgjafa sem vinnur öflugt þróunar- og ráðgjafastarf á sviði menningar á grundvelli markmiða sóknaráætlunar og í samstarfi við tengda aðila	2015-2019	
SinfoniaNord - þjónusta og upptaka á símfónískri tónlist í Hofi	19.000.000	0	19.000.000	Menningarfélag Akureyrar (MAK)	Skapa fjölbreyttara atvinnu- og menningarlíf á svæðinu með nýrri starfsemi	Verkefni á heilsársgrundvelli. Stöðugt framboð verkefna til hljóðfæraleikara SN og tæknimanna tengdu verkefninu	Árslok 2019	
Okkar áfangastaðir - markaðsgreining fyrir Norðurland	12.500.000	0	12.500.000	Markaðsstofa Norðurlands (MN)	Styrkja samkeppnisstöðu Norðurlands með markvissri og faglegri uppbyggingu og markaðssetningu ferðaþjónustu landshlutans	Skýrsla, niðurstöður rannsókna og greininga. Gögn um upplifun ferðaþjónustufyrirtækja og upplifun ferðamannsins á helstu seglum svæðisins	Árslok 2019	
Innviðagreining á Norðurlandi eystra	8.000.000	0	8.000.000	Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar og Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga	Efla samkeppnishæfni landshlutans	Gagnvirkur vefur þar sem gögnum innviðagreiningar verður komið á framfæri á einfaldan og skilvirkan hátt	Haust 2018	
Framtíðarskipan úrgangsmála á Norðurlandi	5.500.000	0	5.500.000	Eyþing og SSNV auk ráðgjafafyrirtækis	Leysa meðhöndlun og förgun úrgangs/sorps á Norðurlandi með hagkvæmum og umhverfisvænum hætti	Skýrsla um niðurstöður og möguleg skref að öflugu samstarfi sveitarfélaga á starfssvæðunum sem og aukinni endurvinnslu, nýrri stefnu um kolefnishlutleysi svæðisins og sameiginlegri ákvörðun sveitarstjórna um framtíðarlausn	Árslok 2018	
Uppbyggingaráætlun fyrir Akureyrarflugvöll	3.500.000	0	3.500.000	Eyþing í samstarfi við ráðgjafafyrirtæki	Bæta aðstöðu á Akureyrarflugvelli til að geta þjónað millilandaflugi og þjónað sem varaflugvöllur	Uppbyggingaráætlun fyrir Akureyrarflugvöll, lögð fyrir þingmenn og samgönguyfirvöld	Mitt ár 2018	
Ungt og skapandi fólk	4.000.000		4.000.000	N4	Auka samkeppnishæfni landshlutans fyrir ungt fólk	Sjónvarpsþættir og stutt innslög á aðra samfélagsmiðla	Árslok 2018	
Menntunarþörf og tækifæri eftir starfssviðum	6.000.000	0	6.000.000	RHA, Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri	Greina menntunarþarfir og tækifæri eftir starfssviðum og greinum bæði hvað varðar grunn- og framhaldsmenntun	Skýrsla með niðurstöðum verkefnisins og kynning á málþingi	Árslok 2018	


Austurland - 33.500.000 til 4 verkefna							
Heiti verkefnis	Sóknaráætlun	Mótframlag	Samtals	Framkvæmdaraðili	Markmið	Lokaafurð	Tímabil
Menningarstarf á Austurlandi	8.700.000	8.000.000	16.700.000	Austurbrú, sveitarfélög og menningarmiðstöðvar	Markmið verkefnisins er að standa vörð um þann gríðarlega árangur sem náðst hefur í uppbyggingu faglegs menningarstarfs á Austurlandi og halda áfram á sömu braut	Starfandi menningarfulltrúi á Austurlandi. Skilgreindum verkefnum á sviði menningar á Djúpavogi og Vopnafirði, skilgr. verkefnum menningarmiðstöðvanna, skilgr. verkefnum til eflingar menningarlæsis og menningarfræðslu lokið (BRAS o.fl.) og sett upp sýningin Austfirskt fullveldi sjálfbært fullveldi	2015-2019
Markaðssetning Egilsstaðaflugvallar sem alþjóðlegs flugvallar	3.000.000	8.300.000	11.300.000	Austurbrú	Opna aðra gátt fyrir millilandafluginn í landið á Egilsstaðaflugvelli	Reglulegt millilandaflug um Egilsstaðaflugvöll	2015-2019
Svæðisskipulag fyrir Austurland	16.000.000	0	16.000.000	Samband sveitarfélaga á Austurlandi	Að vinna skipulagsáætlun sem tekur allra sveitarfélaga á Austurlandi sem landfræðilegar, hagrænnar og félagslegrar heild	Svæðisskipulag fyrir Austurland og umgjörð fyrir markaðssetningu Austurlands sem búsetukost fyrir fólk og fyrirtæki	2016-2019
Uppbygging þekkingarsamfélags á Austurlandi	5.800.000	0	5.800.000	SSA, Austurbrú og Ungt Austurland	Kynna fyrir ungu fólki nám og störf sem í boði eru á Austurlandi til þess að auka áhuga þeirra og þátttöku og auðvelda þeim að ákveða námsleið og atvinnuval. Kanna þarfir vinnumarkaðar Austurlands með vinnuafli í huga, kanna áhrif fjarnáms á vinnumarkað Austurlands	Viðburður þar sem nám og störf sem í boði eru á Austurlandi er kynnt fyrir ungu fólki. Tölfræði yfir fjarnámsþröf íbúa á Austurlandi sem og áhrif fjarnáms á vinnumarkaðinn	2018

Suðurland - 43.000.000 til 14 verkefna							
Heiti verkefnis	Sóknaráætlun	Mótframlag	Samtals	Framkvæmdaraðili	Markmið	Lokaafurð	Tímabil
Umhverfis- og auðlindastefna Suðurlands – 1. áfangi	10.000.000		10.000.000	Björney ehf.	Að ná fram sameiginlegri stefnu sveitarfélaganna á Suðurlandi í að lágmarki fimm meginflokkum í umhverfis- og auðlindamálum	Verklýsing fyrir gerð umhverfis- og auðlindastefnu	2018
Alþjóðaflugvöllur á Suðurlandi - veðurathuganir í landshlutanum	5.500.000		5.500.000	Veðurstofa Íslands	Að ná fram niðurstöðum um mögulegar staðsetningar fyrir alþjóðaflugvelli á Suðurlandi með tilliti til veðurfars	Niðurstöður um hvaða svæði uppfylla veðurfarsleg skilyrði. Veðurathuganir á tilgreindum svæðum. Yfirlit yfir veðurfar á Suðurlandi á Kortavef Suðurlands	2018
Fagháskólanám á Suðurlandi - tilraunaverkefni	5.000.000		5.000.000	Háskólafélag Suðurlands	Að koma á námi í tæknifræði og leikskólafræðum á fagháskólastigi á Suðurlandi	Námsleiðir í tæknifræði og leikskólafræðum	2018
Innleiðing fjarheilbrigðisþjónustu á Suðurlandi	3.000.000		3.000.000	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Að innleiða fjarheilbrigðisþjónustu á Suðurlandi	Fjarheilbrigðisþjónustan innleidd	2018
Menningarpassi Suðurlands	3.000.000		3.000.000	Markaðsstofa Suðurlands	Að fjölga gestum safna, sýninga og setra á Suðurlandi	Kynningarbæklingur (Menningarpassi Suðurlands)	2018
Hagnýtar hagtölur á Suðurlandi – 1. áfangi	2.500.000		2.500.000	Þekkingarsetur Vestmannaeyja	Að byggja upp safn hagupplýsinga fyrir Suðurland og miðla þeim á vef SASS	Uppsett safn hagupplýsinga sem miðlað verður af vef SASS	2018
Upplýsingavefur fyrir fjárfesta - "invest in south"	2.500.000		2.500.000	Markaðsstofa Suðurlands	Laða að ný fyrirtæki, innlend sem erlend	Upplýsingavefur fyrir fjárfesta á Suðurlandi	2018
Starfamessa á Selfossi 2019	2.000.000		2.000.000	Háskólafélag Suðurlands	Að undirbúa og tryggja framkvæmd Starfameissunar 2019	Undirbúningur fyrir Starfameissuna 2019	2018
Starfakynning í Vestmannaeyjum 2018	2.000.000		2.000.000	Viska	Auka þekkingu almennings á störfum í atvinnulífinu í Eyjum og víðar á Suðurlandi. Auka þekkingu ungmenna á þeim námsleiðum sem í boði er og á fjölbreytileika starfa í heimabyggð þar sem krafist er menntunar. Efla tengsl milli atvinnulífs og skóla	Starfakynning	2018
Námskeiðaröð fyrir frumkvöðla á Suðurlandi	2.000.000		2.000.000	Háskólafélag Suðurlands	Efla þekkingu og stöðu frumkvöðla svæðisins svo til verði nýjar vörur og/eða þjónusta og um leið að fjölga störfum á Suðurlandi	Námskeiðaröð	2018
Nýsköpunarkeppni framhaldsskólanna á Suðurlandi - 1. áfangi	1.000.000		1.000.000	Háskólafélag Suðurlands	Kanna grundvöll þess að halda nýsköpunarkeppni framhaldsskólanna á Suðurlandi og leggja fram verk-, tíma- og kostnaðaráætlun um framkvæmd keppninnar ef tilefni er til	Verk-, tíma- og kostnaðaráætlun um nýsköpunarkeppni framhaldsskólanna	2018
Hvatningarverðlaun á sviði atvinnuþróunar-, nýsköpunar og menningar á Suðurlandi	1.000.000		1.000.000	Háskólafélag Suðurlands	Hvetja til frumkvæðis í menningarstarfi og atvinnulífi og til fjölbreytni í atvinnu- og menningarlífi á Suðurlandi. Vekja athygli á því sem vel er gert í atvinnu- og menningarmálum á Suðurlandi. Skapa vettvang til að vekja athygli á Uppbyggingsjóði Suðurlands	Viðurkenningar	2018
Fræðsla og samvinna ungmennaráða á Suðurlandi	500.000		500.000	Árborg	Halda fræðslufundi í öllum sveitarfélögum á Suðurlandi fyrir ungmenni, starfsfólk sveitarfélanna og kjörna fulltrúa í heimabyggð hvers og eins fulltrúa í Ungmennaráði Suðurlands	Kynningar	2018
Skafthrhreppur til framtíðar (Brothætt byggð í Skafthrhreppi)	3.000.000		3.000.000	Kirkjubæjarstofa	Að stöðva viðvarandi fólksfækkun í Skafthrhreppi	Fleiri íbúar	2018

Suðurnes - 33.488.383 til 9 verkefna							
Heiti verkefnis	Sóknaráætlun	Mótframlag	Samtals	Framkvæmdaraðili	Markmið	Lokaafurð	Tímabil
Kortlagning á dreifingu ferðamanna á Suðurnesjum	3.900.000	0	3.900.000	Heklan/Reykjanes Geopark	Markmið innviðagreiningu er að kortleggja innviði á Suðurnesjum	Innviðagreining um Suðurnes unnið heildstætt	2018-2019
Fjarnám í hjúkrunarfræði	4.000.000		4.000.000	Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	Nemendur búsettir á Suðurnesjum hafi tækifæri til að stunda háskólanám í heimabyggð og geti hafið nám og klárað og þannig stuðlað að hærra menntunarstigi. Auka framboð einstaklinga með þessa menntun á svæðinu	Útskrifaðir hjúkrunarfræðingar 2019	2018-2019
Minnka brottfall úr námi og bjóða upp á menntun í takt við atvinnulífið á svæðinu	4.330.383	0	4.330.383	Pekkingarsetur Suðurnesja	Minnka brottfall úr námi og hækka menntunarstig á Suðurnesjum. Auka tengsl nemenda við atvinnulífið á svæðinu og undirbúa þá fyrir störf sem standa til boða á Suðurnesjum. Draga úr atvinnuleysi til lengri tíma	Skýrsla um brottfall úr námi á Suðurnesjum og skýrsla um stöðu nemenda á Suðurnesjum og samvinnu skóla og atvinnulífs á svæðinu	2018-2018
Sameiginleg ímyndar og markaðsáætlun fyrir Suðurnes	12.000.000		12.000.000	Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum/Heklan	Vinna sameiginlega markaðsáætlun fyrir svæðið og sameina Suðurnes undir einu slagorði	Viðhorfskannanir þar sem viðhorf landsmanna til Suðurnesja er mælt	2018-2019
Skráning og uppfærsla á menningarviðburðum á dagtal	500.000		500.000	Markaðsstofa Reykjanes	Skrá inn upplýsingar á einum stað um menningarviðburði á Suðurnesjum	Fjöldi skráðra viðburða	2018-2018
Rannsókn á líðan eldri borgara á Suðurnesjum	3.800.000		3.800.000	Þjónustuhópur aldraðra á Suðurnesjum	Bregðast við örri fjölgun íbúa og meta þjónustubörf til að bæta uppbyggingu öldrunarþjónustu á Suðurnesjum. Markmið rannsóknarinnar er að leggja mat á heilsu, líðan og lífsgæði aldraðra á Suðurnesjum	Fjöldi þeirra sem taka þátt í rannsókninni	2018-2018
Markaðssetning hafan á Suðurnesjum fyrir smærri skemmtiferðaskip	500.000		500.000	Markaðsstofa Reykjanes og hafnir á Reykjanesi	Markaðssetja hafnir á Suðurnesjum fyrir smærri skemmtiferðaskip	1-3 smærri skip sem leggjast að höfn á Reykjanesi á árinu 2020	2018-2019
Að auka sýnileika Geopark á Suðurnesjum	3.000.000		3.000.000	Reykjanes UNESCO Geopark	Að auka vitund íbúa um starf og markmið Reykjanes Geopark	Könnun á viðhorfi til Reykjanes Geopark	2018-2019
Efning nýsköpunar á Suðurnesjum - Reykjanes Start-up	1.458.000		1.458.000	Heklan atvinnuþróunarfélag Suðurnesja	Að efla nýsköpun og aðgang frumkvöðla og fyrirtækja að stuðningsumhverfi	Skýrslu skilað með samanburði á stöðu fyrir og eftir verkefni	2018-2019

Höfuðborgarsvæðið - 32.792.000 til 7 verkefna							
Heiti verkefnis	Sóknaráætlun	Mótframlag	Samtals	Framkvæmdaraðili	Markmið	Lokaafurð	Tímabil
Borgarlínan	6.720.000			SSH	Að fyrir liggi samkomulag við ríkið um forlegt samstarf um sameiginlega fjármögnun og uppbyggingu Borgarlínu	Lokaafurð er sérstakt samkomulag milli sveitarfélaga og ríkis um framtíðarfyrirkomulag Borgarlínuverkefnisins er varðar rekstrarform, fjárfestingar og framkvæmdaáætlun	2018
Velferðartækni	8.442.000			SSH	Að koma á fót samstarfsvettvangi um innleiðingu á velferðartæknistefnu hjá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu	Í lok árs verði þau sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu sem það kjósa komin með áætlun um innleiðingu velferðartækni í velferðarþjónustu	2018
Tölfræði höfuðborgarsvæðisins	1.428.000			SSH	Verkefninu er ætlað að skila mikilvægum umbótum á umgjörð og inntaki tölfræðiupplýsinga um höfuðborgarsvæðið	Bætt framsetning upplýsinga á heimasíðu SSH. Kortagrunnur sem inniheldur þá þætti í landnotkun sem sveitarfélögin hafa sammælst um að fylgja eftir í þróunaráætlunum	2018
Markaðssetning gagnv. erl. fjárfestum	5.229.000		5.000.000	SSH	Að tryggja að á hverjum tíma séu til staðar réttar og áreiðanlegar upplýsingar um höfuðborgarsvæðið	Regluleg uppfærsla á upplýsingum á vef og stuðningur við samvinnuverkefnið um "Líftækni borgina Reykjavík"	2018
Smart cities	1.765.000			SSH	Markmið verkefnisins er að kortleggja möguleika á samstarfi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um "Smart" lausnir á sviði samgangna, umhverfismála og aðgengi íbúa og ferðamanna að raunupplýsingum á ýmsum sviðum	Fyrir liggi hvaða samvinnuverkefni sveitarfélaganna á sviði "Smart" lausna fá brautargengi, hvaða sveitarfélög vinna saman að útfærslu þeirra, mat á kostnaði við innleiðingu og hvaða þörf þau svara	2018
GERT	2.000.000			SSH	Markmið verkefnisins er að bjóða upp á lausnir (verkfærakistu) fyrir nemendur og kennara í grunnskólum sem geta leitt af sér aukna þekkingu og ekki síður áhuga á raunvísindum og tækni og þannig uppfyllt betur framtíðarþörf vinnumarkaðar	Árangur verkefnisins felst í fjölda skóla og fyrirtækja sem taka þátt í verkefninu. Stefnan er að fjölga skólum sem verkefnið tekur til á höfuðborgarsvæðinu um 15 á næstu 2 árum en í dag eru þeir 18	2018

VIÐAUKI 3 LANDSHLUTASKIPTING SÓKNARÁÆTLANA



VIÐAUKI 4 MERKI SÓKNARÁÆTLANA LANDSHLUTA



SÓKNARÁÆTLUN
HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS



SÓKNARÁÆTLUN
SUÐURNESJA



SÓKNARÁÆTLUN
VESTURLANDS



SÓKNARÁÆTLUN
VESTFJARÐA



SÓKNARÁÆTLUN
NORÐURLANDS VESTRA



SÓKNARÁÆTLUN
NORÐURLANDS EYSTRA



SÓKNARÁÆTLUN
AUSTURLANDS



SÓKNARÁÆTLUN
SUÐURLANDS